

Sagan mín.



Konráð Rúnar Friðfinnsson tók saman

1 kafli - 1 hluti

Það sem kemur hér á eftir er saga mín eftir að Kristur kom inn í líf mitt og breytti öllu. Ég mun fara yfir mína sögu, svona eins og Drottinn leiðir söguþráðinn. Þó verður stíklað á stóru en ekki endilega farið ofan í hvert smáatriði. Sagan er sögð til að upphessa nafn Drottinn Jesú Krists og hvetja menn til dáða í nafni hans sem dó fyrir þá á krossi. Og mun ég leitast við að koma hreint til dyranna og tala um hlutina eins og þeir hafa komið mér fyrir sjónir. Sæmir enda ekki annað hjá fólki sem Drottinn hefur tekið sér til eignar.

Skundum aftur til ársins 1985. Þá gerðust atburðir sem leiddu mig í hús Guðs. Á þessum árum bjó ég í Garðastræti 4 í Reykjavík og leigði herbergi í kjallara í þriggja hæða fjölbýlishúsi. Gegnt mínu herbergi var annað herbergi. Fljótlega komst á samband milli leigjendanna og fór hann að hafa samband við mig. Gjarnan þegar hann kom var hann með litla bók. Oftar en ekki las maðurinn uppúr þessu litla kveri og var mikið í mun að ég veitti Orðunum athygli. Sem lengi vel gerðist ekki En þetta heldur áfram. Og en mætir maðurinn og hefur eins og vanalega lestur úr litlu skruddunni sinni. Og þá gerðist eitthvað. Orðin eru í Jakopsbréfi:

“ Sjá einnig skipin, svo stór sem þau eru og rekin af hörðum vindum. Þeim verður stýrt með mjög litlu stýri, hvert sem stýrimaðurinn vill. Þannig er einnig tungan lítill limur, en lætur mikið yfir sér. Sjá hversu lítill neisti getur kveikt í miklum skógi. Tungan er líka eldur. Tungan er ranglætisheimur meðal lima vorra. Hún flekkar allan líkamann og kveikir í hjóli tilverunnar, en er sjálf tendruð af helvíti. Allar tegundir dýra og fugla, skriðkvikindi og sjávardýr má temja og hafa mennirnir tamið, en tunguna getur enginn maður tamið, þessa óhemju, sem er full af banvænu eitri. Með henni vegsömum vér Drottin vorn og föður og með henni formælum vér mönnum, sem skapaðir eru í líkingu Guðs. Af sama munni gengur fram blessun og bölvun. Þetta má ekki svo vera, bræður mínir. “

(Jak: 3. 4 – 10)

Fimm árum eftir nefnda upplifun mætti Drottinn mér. Á Orðunum í Jakopsbréfi byrjaði þetta allt og ég þá fluttur á Grettisgötuna í Reykjavík.

Hefjum frásögnina:

Fljótlega eftir að Drottinn mætti mér og ég frelsaðist og fann á sjálfum mér að allt var orðið breytt fór ég að hugleiða hvernig ég gæti komið Orðinu út til fólksins til að það eignaðist sama og ég árið 1989. Atburðurinn var svo raunverulegur fyrir mér að hafi áður verið efasemdir hurfu þær nú er Drottinn tók sitt sæti í hjarta mínu. Þá skildi ég að allt varð til fyrir Orð Guðs. Að heimarnir voru skapaðir fyrir mátt Orðsins. Allt þetta gerðist inn í litlu risherbergi á Grettisgötunni sitjandi þar í gömlum slitnum stól í litlu kvistherbergi á fjórðu hæð við þessa götu. Jesús er til staðar fyrir alla menn.

Já, fljótlega fór ég að velta því fyrir mér hvernig mætti koma þessum skilaboðum áfram og setja fram á þann hátt að þau vektu áhuga og ykju löngun til að vita meira um Jesú. Frelsun mín gerðist eftir lestur í Orðinu. Augljóslega var að Orðið yrði að ganga út.

Föðurbróðir minn (nú látinn) hafði verið trúaður í um þrjátíu ár og bjó á þessum árum á Baldursgötunni í borginni og vandi ég komur mínar þangað um tíma. Eitt sinn er ég var að fara dró hann upp úr brjóstvasa jakkans gamalt og snjád Nýja testamenti og sagði að ég mætti eiga bókina. Síðan kvóddumst við.

Um kvöldið er ég kom aftur inn í herbergið mitt í risinu og sestur í stólinn minn opna ég litlu svörtu og greinilega mikið notaða bókina, les setningu í henni. Þá heltist á augabragði blessun Guðs yfir mig og hefur ekki vikið frá mér. Orðin sem ég las var Drottinn áður búinn að velja. Eina sem ég gerði var að ljúka upp bókinni, lesa eina línu og Guð snart mig. Engin bæn. Enginn Biblíulegur grunnur. Engin þekking á Syninum eða Biblíufræðum almennt. Aðeins náð og miskunn Guðs sem kom. Ég frelsaðist án þess að hafa minnstu þekkingu á innihaldi Orðsins. Án þess að fara fyrst með bæn í Jesú nafni. En samt var það Orðið sem frelsaði. Ég las nefnilega í bókinni. Þó ekki muni ég lengur ritningatextann. Sem er miður.

Biblíuþekking mín var engin. Ég hafði ekki lagt lag mitt við bókina og þekkti ekki innihald hennar umfram það sem almennt gengur og gerist hjá þorra fólks. Ég vissi að hún fjallaði um Jesús sem fæddist í jötu í Betlehem, og að hann hafi verið krossfestur. Gangna frelsarans á milli þessara tveggja stórviðburða mannkynssögunar var mér hulin uns kraftur Guðs kom yfir mig. Biblíuleg þekking manna breytist ekki fyrir alvöru fyrr heldur en við frelsun þeirra og á sér eðlilega skíringu. Menn fá ekki

áhuga á Orðinu fyrir heldur enn Heilagur Andi kemur og líkur upp leyndardómum Guðs. Nákvæmlega þetta gerðist í mínu tilviki

Eftir endurfæðinguna hóf Heilagur Andi að fræða mig og útskíra fyrir mér ýmsar merkingar í Biblíunni. Vitaskuld á þeim hraða sem ég sjálfur réð við. Jafnframt reyndi ég að upphuga leiðir til að koma skilaboðum Drottins til manna. Ég gerði mér undireins grein fyrir mikilvægi þess að fólk tileinkaði sér Orðið. Samhliða lestrinum tók ég ákvörðun um að skrifa alla þá ritningartexta á blað sem kveiktu áhuga minn á meðan ég las. Með þá hugsun uppi að það sem gagnast einum getur einnig komið öðrum að gagni.

Fáeinum vikum síðar tókst mér svo að klára allt Nýja testamentið frá Matteusi til Opinberunarbókarinnar. Ritningarstaðirnir skiptu orðið tugum. Hér koma textarnir sem ég mann eftir:

“Bóndinn, sem erfiðar, á fyrstur að fá sinn hlut af ávextinum.” (2Tím: 2. 6.)

“ Sjá einnig skipin, svo stór sem þau eru og rekin af hörðum vindum. Þeim verður stýrt með mjög litlu stýri, hvert sem stýrimaðurinn vill. ” (Jak: 3. 4)

“ Verður er verkamaðurinn launa sinna. ” (Lúk: 10. 7) - og önnur í þessum dúr.

Þessa texta, og fleiri til, prentaði ég svo á skólaritvélina mína og hugleiddi að jafnvel gefa þetta út.

Í þann tíð vissi ég ekki hvert ég gat leitað með efnið. Hafði lítillga heyrt um félagsskap sem kallast Gídeon með aðsetur á Vesturgötunni í Reykjavík þar í gömlu útibúi Búnaðarbankans. Var einnig kunnugt um að Gídeon færi á hverju hausti í alla grunnskóla landsins og gæfi skólakrökkum sitt eintak af Nýja testamentinu. Ég stakk því uppskrifuðum ritningatextunum í umslag og freistaði þess að vel yrði tekið á móti mér í ranni Gídeon manna.

Eftir dálitla leit fann ég hús félagsins og bankaði varlega á dyrnar. Á bak við meðal stórt skrifborð sat Þorkell Sigurbjörnsson formaður Gídeon á Íslandi og tók mér vel. Þegar ég sagði honum að ég væri nýlega búin að taka á móti Kristi inn í mitt líf var hið

eina sem hann gat sagt: “ Guð blessi þig, vinur. Guð blessi þig.“ Þetta endurtók hann í þaula. Greinilegt var að hið nýja líf sem ég átti nú gladdi hann. Viðbrögð mannsins komu mér á óvart og glöddu mig. Þarna birtist mér kærleikur ókunnugs manns sem sjálfur lifði og lifir með Jesú.

Þegar ég svo sýndi honum pappírana sagði Þorkell mér allt málið. Svona samantekt á ritningarversum voru fáanleg og upp laukst fyrir mér að Kristur á sér langan starfsaldur á jörðinni og margt er búið að gera og líka gerast.

Vegna ungs aldurs í Kristi hafði ég litla hugmynd um hvað til var af efni og hverjir voru að gera hvað. Maðurinn lærir af því sem hann reynir.

Fljótlega á göngunni með Drottni komst ég að raun um að boðunin er ekkert áhlaupsverk. Raunverulega urðu fáir á vegi manns sem voru tilbúnir að meðtaka boðskap Krists. Maður var því slegin niður í fyrstu dyrum sem maður kom að í slíkum erindum. - “ Láttu þetta kyrrt liggja í mínu húsi, góði minn. “

Greinilegt var að þó Jesús Kristur væri orðin mér samnefnari fyrir heilbriggt og eðlilegt líf var það fráleitt skoðun fjöldans.

Skoðum Orðið:

“ Er þér heyrðuð röddina út úr myrkrinu og fjallið stóð í björtu báli, þá genguð þér til mín, allir höfðingjar ættkvísla yðar og öldungar yðar, og sögðuð: Sjá, Drottinn Guð vor hefir sýnt oss dýrð sína og mikilleik, og vér heyrðum rödd hans úr eldinum. Vér höfum séð það í dag, að Guð getur talað við mann, og maðurinn þó haldið lífi. Hví skulum vér þá deyja? Því að þessi mikli eldur ætlar að eyða oss. Ef vér höldum áfram að hlusta á raust Drottins Guðs vors, munum vér deyja. “ (5Mós: 5. 23 – 25)

Þetta voru svona fyrstu skrefin eftir frelsunina á Grettisgötunni. Mér var ljóst hversu afhuga þjóðin mín er Guði og verkum sem hann raunverulega er að vinna daglega allt í kringum okkur án þess að menn veiti þessu minnta athygli. Og er svo sem hægt að finna mörg ritningarvers í Biblíunni sem staðfesta sofandahátt fólks:

“ Guð, sem hefur umborið tíðir vanvissunnar, boðar nú mönnum, að þeir skuli allir hvarvetna taka sinnaskiptum, því að hann hefur sett dag, er hann mun láta mann, sem hann hefur fyrirhugað, dæma heimsbyggðina með réttvísi. Þetta hefur hann sannað öllum mönnum með því að reisa hann frá dauðum. Þegar þeir heyrðu nefnda upprisu dauðra, gjörðu sumir gys að, en aðrir sögðu: Vér munum hlusta á þetta hjá þér öðru sinni. Þannig skildi Páll við þá. “ (Post: 17. 30 – 33)

Ég trúi að fólk sem Drottinn á fái fljótlega löngun til að láta aðra vita um sannleikann og að fyrstu viðbrögð nýfæddra inn í fjölskyldu Jesú (kirkjuna) séu áþekk mínum:

“ Ég mun gefa þér hina huldu fjársjóðu og hina fölgnu dýrgripi, svo að þú kannist við, að það er ég, Drottinn, sem kalla þig með nafni þínu, ég Ísraels Guð. Vegna þjóns míns Jakobs og vegna Ísraels, míns útvalda, kallaði ég þig með nafni þínu, nefndi þig sæmdarnafni, þó að þú þekktir mig ekki. Ég er Drottinn og enginn annar. Enginn Guð er til nema ég. Ég hertygjaði þig, þó að þú þekktir mig ekki, svo að menn skyldu kannast við það bæði í austri og vestri, að enginn er til nema ég. Ég er Drottinn og enginn annar. Ég tilbý ljósið og framleiði myrkrið, ég veiti heill og veld óhamingju. Ég er Drottinn, sem gjöri allt þetta. “

(Jes: 45. 3 – 7)

2 kafli - 1 hluti

Eftir að ég frelsaðist í græna stólnum mínum á Grettisgötunni má segja að líf mitt hafi verið í friði í eitt ár á eftir og að engin ólga hafi verið í kringum mig í sirka 12. mánuði. Ég hef oft spekúlerað í þessu 12. Mánaða logni og komist að þeirri niðurstöðu að Drottinn hafi hreinlega vilja kynna sig fyrir mér með þessum rólega hætti og gefið sér eitt ár í verkið. Ég komst einnig að raun um annað að með tímanum og allan þennan frið í kringum fór ég að slaka á gagnvart lífgjafa mínum. Maður

byrjaði smásaman að detta aftur inn í sitt gamla far. Því var rík ástæða fyrir Drottinn hnippa í mig og gera þannig að ég veitti hnippi hans verðskuldaða athygli.

Drottinn hefur mörg ráð í hendi til að ná fram hlýðni og með aðferðum sem virka. Líka á þverhausana. Vinna Drottins er til heilla. Um það snýst líka heila málið í augum skaparans að gera líf mannsins heillavænlegt. En stundum er þetta sárt, langdregið og skelfilegt að takast á við. Og í hönd fóru átök sem neyddu mig inn á lendur Orðsins á nýjan leik og þeir tímar runnu upp í lífinu að ég naut einungis friðar þegar ég sat í græna stólnum - aftur kemur græni stóllinn við sögu - og hámaði í mig Orðin í Biblíunni.

Klukkutímum saman sat ég og lét Biblíuna mata mig.

Komið var að þeim punkti hjá Drottni að fást við gömul sár sem kostaði mikil átök en var um leið gríðarleg framför, bæði hvað varðar að skilja Orðið betur og eins hvernig Jesús vinnur. Ég komst að raun um á meðan ég gekk í gegnum mitt skeið þarna að ákveðinn átök verða að vera í gangi í mannum sjálfum til að hann haldist réttur með Jesú Kristi og að glíman verður einfaldlega að fá að hafa sinn tíma. Sigurinn er framundan og handan við þrautirnar:

“ Kostum því kapps um að ganga inn til þessarar hvíldar, til þess að enginn óhlýðnist eins og þeir og falli. Því að orð Guðs er lifandi og kröftugt og beittara hverju tvíeggjuðu sverði og smýgur inn í innstu fylgsni sálar og anda, liðamóta og mergjar, það dæmir hugsanir og hugrenningar hjartans. Enginn skapaður hlutur er honum hulinn, allt er bert og öndvert augum hans. Honum eigum vér reikningsskil að gjöra. “ (Heb: 4. 11 – 13)

Eftir eitt ár í friði var ég búin að læra hvert ég gæti leitað til að fá huggun inn í hjartað. Í Orðið.

Umrædd átök - þau fyrstu eftir að ég frelsaðist - orsökuðu að mér leið afskaplega illa andlega. Ástæðan er aukaatriði en samt til staðar og erfið. Drottinn segir: „ Framtíð til heilla, ekki óhamingju. „

Þrátt fyrir öll mín innri átök fékk ég alltaf nætursvefn og fulla hvíld út úr svefninum. Í hvert sinn sem ég lagðist upp í rúmið mitt og dró yfir mig sængina og kominn með

Nýja testamentið í hönd til að lesa í bókinni hvarf allur sársauki og þrautirnar hurfu á braut og inn streymdi friður Guðs til að fylla veru mína. Þetta upplifði ég aftur og aftur. Og ég lagðist rólegur á koddann og svaf í einum dúr til morguns. En þá byrjaði líka glíman á nýjan leik jafn hörð og áður. Átökin stóðu yfir í fjóra eða fimm mánuði. Þá fyrst gat ég svona um frjálst höfuð strokið. Eftir á að hyggja hefði ég ekki viljað sneiða framhjá þessi tímabili í mínu lífi. Þarna fékk ég að kynnst Drottini á margskonar hátt sem einungis þjáningin, bænin, lesturinn í Biblíunni og staðfesta trúarinnar megnaði að veita mér.

“ Styrktu lærisveinana og hvöttu þá til að vera staðfastir í trúnni. Þeir sögðu: Vér verðum að ganga inn í Guðs ríki gegnum margar þrengingar. “ (Post: 14. 22)

“ Feður vorir öguðu oss um fáa daga, eftir því sem þeim leist, en oss til gagns agar hann oss, svo að vér fáum hlutdeild í heilagleika hans. Í bili virðist allur agi að vísu ekki vera gleðiefni, heldur hryggðar, en eftir á gefur hann þeim, er við hann hafa tamist, ávöxt friðar og réttlætis. Réttið því úr máttvana höndum og magnþrota knjám. Látið fætur yðar feta beinar brautir, til þess að hið fatlaða vindist ekki úr liði, en verði heilt. Stundið frið við alla menn og helgun, því að án hennar fær enginn Drottin litið. “ (Heb: 12. 10 – 14)

Drottinn vill ekki þjá mannanna börn, segir hann í sínu Orði. Þessu trúi ég mætavel. En til þess að bæði ég fái haldist uppréttur á hinum örmjóa vegi trúarinnar þarf ég aga. Agi Drottins er aðal og oft einu átökin sem við er að eiga. Vilji Drottinn ekki aga sitt fólk hvar væri maður þá í dag? Agi er kennsla en kostar okkur stundum smá tyftun vegna ódæls holdsins sem vill ekki hlýða.

“ Án agans er ekkert frelsi “ - sagði Ólafur, gamli skóalmeistarinn minn í Flensborgarsólanum í Hafnarfirði. Ólafur þessi var vitur maður og starafandi skólástjóri í Hafnarfirði á sjötta áratugnum og í áratugi. Nú látinn.

Snúum okkur að fleiri molum. Ég reyni ég að hafa samantektina í tímaröð. Þó er ekki víst að mér takist það í öllum atriðum vegna þess að ég er ekki maðurinn sem held dagbók. En við erum enn stödd á fyrstu árum göngunnar með Jesú, um 1990.

Fram hefur komið að dálítill samgangur var á milli mín og föðurbróðir míns Ragnars Konráðssonar. Ragnar hafði þekkt Krist í áraaðir og starfað allengi með samtökum sem hétu Heimatrúboð Leikmanna. Reyndar voru samtökin sem slík aflögð er ég kom inn í myndina en fólk hélt samt ennþá hópinn. Kynntist ég þeim því ekki á persónulegan hátt heldur af frásögnum Ragnars. Ragnar hafði á sínum yngri árum lengi átt í vanda með vín en læknaðist fullkomlega af áfengissýkinni eftir að beðið var fyrir honum á samkomu hjá kristnu fólki og bragðaði ekki áfengi eftir það.

Lengi vel kom hópur úr þessum leikmannasamtökum saman til bænahalds, söngs og Biblíulesturs í heimahúsum og skiptust að bjóða fram sín eigin heimili. Mál þróuðust svo á þann hátt að ég fór að fara með Ragnari á þessar samkomur.

Hjón úr hópnum Sigríður og Alfreð áttu sumarbústað í Kaldárseli, skammt frá Hafnarfirði, og kom fólkíð yfirleitt saman þessum bústað þegar röðin kom að þeim að halda stundina. Fólkíð var flest við aldur og var ég yngstur í hópnum. En samt varð ég heillaður innanum allt þetta kristna fólk, þrátt fyrir aldursmuninn. Þarna uppgötvaði ég að raunverulega er engin aldur til í Drottni. Séu menn heilshugar við borð Jesú Krist geta þeir vel lofað hann sameiginlega þótt á misjöfnum aldri sé. Kynslóðirnar vaxa saman og er samfélagið byggt fólki sem fæðst hefur á mismunandi tímum. En Drottinn er hinn sami og gleðst er hjörtun koma saman til að lofsyngja honum.

Það sem heillaði mig mest þarna var að umhverfis mig var hópur fólks, tíu, tólf manns, sem hafði raðað stólunum í hring. Þarna sat hópurinn svo saman. Allar einhuga. Allir að gera hið sama. Allar sammála. Allar vinir. Allar glaðir. Engin útundan. Engar þrætur í gangi. Engar meinlegar aðfinnslur um náungann. Engin meiðandi skot. Ekkert niðurrifs tal. Bara friður og eining.

Allt framandi fyrir mig, nýgræðinginn sem nýlega hafði verið hrifsaður af vettvangi gegnsýrðum af ljótleika, friðleysi, þrætum manna, reiði og biturleika, hatri, ljótum gróða, þar sem engin sýndi öðrum kærleika. En þennan vettvang þekkti ég vel en hataði þó alla tíð í hjarta mínu og geri enn.

Þarna sat fólkið saman í litlum sumarbústaði í Kaldárseli og lofaði einn Guði og frelsara Jesú Kristi með tárnotum augum, sumt hvert. Á staðnum ríkti friður. Þar ríkti gleði. Engin önnur umræðuefni fengu hljómgrun nema þau sem tilheyrðu boðskapi Biblíunnar. Mennt stóðu upp og fluttu vitnisburði um hvað Jesús var að gera í lífi þeirra. Á milli vitnisburða fólksins voru sungnir fallegir sálmar við undirleik gítarhljóma sem konan úr hópnum sló svo létt á. Suma sálmanna hafði ég heyrt. Aðra kannaðist ég ekki við.

Vá, maður. Þetta var sko Guð sem mig langaði til að þjóna og kynnast betur. Það var stórbrotið fyrir hinn nýfrjálsa að sjá í eigin persónu hvernig Drottinn umvafði sitt fólk þarna í Kaldárselinu. Aldrei áður hafði ég upplifað neitt þessu líkt.

Árið 1985 hóf ég að senda lesendasíðu DV hugvekjur og greinar. Og birtust þær flestar í blaðinu undir dálknum “Lesendabréf.”

1985 var ég ekki enn kominn til frelsis og leit þá öðruvísi á marga hluti. Eftir að sannleikurinn varð hlutskipti mitt fór ég að taka upp hanskann fyrir einu og öðru sem ég áður hafði stutt og jafnvel trúað á. Í þann tíð var maður svarinn andstæðingur Ísraelsmanna og skrifaði greinar (ekki margar) gegn þessari þjóð. Ég lét þetta fylgja hér með því að það tilheyrir frásögunni sem á eftir kemur.

Ég fór með Ragnari á nokkrar samkomur heimahópsins. Og voru þær haldnar á ýmsum stöðum inn á heimilum hópsins. Þetta gekk svona hringinn. Á einni stundinni tel ég að Drottinn hafi í fyrsta skipti talað beint til mín. Og gerðist það einmitt í sumarbústaðnum í Kaldárseli.

Eftir ég var kominn inn í hópinn og Ragnar kom konan með gítarinn til mín og sagðist ævinlega lesa greinar mínar í DV og hafa gaman að. Hófst svo stundin. Um miðbik

samkomunnar stóð þessi kona á fætur til að vitna. Hún talaði margt um Drottinn í sínu lífi og fór síðan að fjalla um mál sem snerti mig, án þess að hún hafi gert sér grein fyrir þessu. Orð hennar voru eitthvað á þessa leið:

“ Hver maður sem elskar Drottinn Jesú Krist verður jafnframt að elska þá þjóð sem Guð sjálfur hefur útvalið umfram aðrar þjóðir. Hann getur ekki sett sig upp á móti henni á neinn hátt heldur hlýtur hann að standa með henni og biðja fyrir framgangi þjóðar Guðs. “

“ Jesús segir við hana: Trú þú mér, kona. Sú stund kemur, að þér munuð hvorki tilbiðja föðurinn á þessu fjalli né í Jerúsalem. Þér tilbiðjið það, sem þér þekkið ekki. Vér tilbiðjum það, sem vér þekkjum, því hjálpræðið kemur frá Gyðingum. En sú stund kemur, já, hún er nú komin, er hinir sönnu tilbiðjendur munu tilbiðja föðurinn í anda og sannleika. Faðirinn leitar slíkra, er þannig tilbiðja hann. Guð er andi, og þeir, sem tilbiðja hann, eiga að tilbiðja í anda og sannleika. “ (Jóh: 4. 21 – 24)

Ég skynjaði samtímis að orð konunnar voru töluð beint til mín fyrir Anda Guðs og komu gegn skrifunum sem áður höfðu birst eftir mig opinberlega um Gyðingapjóðina. Ég man að ég tók ákvörðun á þessu andartaki. Aldrei aftur skildi ég standa gegn Ísraelsmönnum heldur styðja þá sem þjóð. Ég skildi að Jesús Kristur var sjálfur Gyðingur og að Gyðingar voru fyrstir til að heyra lífgefandi Orðin sem fram gengu af munnni Jesú. Sömu Orð og frelsuðu mig. Æ síðan hef ég verið Drottinn þakklátur fyrir að hafa áminnt mig og opinberað mér svo fljótt sannleikann um Ísraelsmenn og stöðu þeirra í augum Guðs. Ég hlýt sem Guðsmaður að styðja það sem er mikilvægt í augum Guðs.

3 kafli - 1 hluti

Frá haustinu 1986 og fram á mitt sumar1991 vann ég við almenn sveitastörf með hléum og fékk að kynnast lífinu í sveitinni af eigin rammleik. Líf Íslenska bóndans er

að mörgu leiti spennandi en erfitt og ekki ávallt neitt sérlega ábatasamt. Og þá á ég við í fjárhagslegu tilliti.

Mig langar til að greina frá að minnsta kosti tveimur atvikum sem ég upplifði með Kristi frá þessu tímabili. Ég réð mig í Dalasýsluna og kom ég á staðinn í apríl eða maí árið 1991. Á bænum var stundaður fjárbúskapur. Þar voru líka nokkrar kýr sem þurfti að mjólka kvölds og morgna. Eitt sinn þegar mjaltir voru í gangi, sem ég sá vanalega um einn, kom mjög sterkt til mín að ganga fram í mjólkurhúsið og kanna ástandið. Er þangað kom var eins og við manninn mælt. Glerkúturinn, sem tók við mjólkinni frá kúnum, var um það bil að fyllast. Dælan sem flutti mjólkina yfir í mjólkurtankinn dældi engu. En hún átti það til slökkva skyndilega á sér. En þar sem ég var á staðnum og vissi hvernig átti að bregðast við skeði engin skaði heldur leystust málin farsællega í þetta skipti.

“ En er vín þraut segir móðir Jesú við hann: Þeir hafa ekki vín. “ (Jóh: 2. 3)

“ Jesús segir við þá: Fyllið kerin vatni. Þeir fylltu þau á barma. Síðan segir hann: Ausið nú af og færið veislustjóra. Þeir gjörðu svo. Veislustjóri bragðaði vatnið, sem var orðið vín, og vissi ekki, hvaðan það var, en þjónarnir, sem vatnið höfðu ausið, vissu það. Þá kallaði veislustjóri á brúðgumann og sagði: Allir menn bera fyrst fram góða vínið og síðan hið lakara, er menn gjörast ölvaðir. Þú hefur geymt góða vínið þar til nú. (Jóh: 2. 7 – 10)

Hver var það sem aðvaraði mig? Hver nema Jesús. Drottin leysir vanda og kemur í veg fyrir tjón. Ritningartextinn er einmitt svar Jesú inn í kringumstæður til að bæta úr, redda málum til að fólk læri. Þessir menn hefðu vel getað hugsað svipað og ég. “ Frábært við höldum bara veislur og bjóðum fólki og sjáum til þess að Jesús komi einnig í teitið til að vínbirgðirnar endist. “ - Jesús hefur engan áhuga á því að stunda Landaframleiðslu eða að senda áfengi í veislur manna. Hann vildi að þessir menn lærðu, alveg eins og ég. Lærdómurinn sem draga má af brúðkaupinu og sögunni um vatnið sem varð að víni er hann að hugsa betur fyrir málunum næst, til að birgðir þrjóti ekki og vandræðaástand skapist.

Ég tók þessum skilaboðum samt ekki svona heldur fannst mér þessi hnipping hans hreint út sagt vera frábær. Framvegis þyrfti ég engar áhyggjur að hafa af dælnni í mjólkurhúsinu. Drottin stæði einfaldlega vörð um hana og léti mig vita ef hún mundi stöðvast. Ég segi þetta með sanni, svona hugsaði ég. Ég varð því salla rólegur á meðan mjaltirnar stóðu þrátt fyrir að vita um gallann í dælnni.

Drottinn hugsar málin á öðrum nótum heldur enn ég á þessum tíma. Nokkrum dögum síðar er ég en staddur í fjósinu og mjaltir í gangi. Nema í það skipti fékk ég enga aðvörun. Í lok mjaltanna blasti við ófögur sjón inn í mjólkurhúsinu. Dælan stíflaðist. Mjólkinn streymdi í gegnum ristina á gólfinu og afrakstur mjaltanna fór að stórum hluta til spillis og engum til gagns. Í stöðunni sem upp var kominn var farsælast að hafa hraðar hendur og taka fram slönguna og spúla öllum sönnunargögnunum sem hraðast ofan í niðurfallið og hreinsa til. Þetta litla leyndarmál mitt gerði ég ekki opinskátt við matarborðið eftir mjaltirnar en geri hér þótt langt sé um liðið.

En ég lærði mína lexú. Jesús vill ekkert kæruleysi hjá sínum mönnum. Hann aðvarar fólk. Í þessu tilfelli um dælna sem færði mjólkina í kælitanekinn en vildi slökkva á sér í tíma og ótíma. Ég bar ábyrgð á mjóltunum en ekki Jesús Kristus, þótt hann í kærleika sínum hafi aðvarað mig í eitt skipti. Aðvörunin var um leið hvatning til mín um að halda vöku minni. Þetta er sá lærdómur sem eftir stóð hjá mér eftir atvikið í mjólkurhúsinu forðum.

Áður en ég segi skilið við sveitina langar mig að koma með annað dæmi þó ólíkt sé. Skilaboðin voru hin sömu frá vorum Himneska Herra og þau sem ég fékk í Dalasýslunni. Að bera ábyrgð og segja skilið við allan sofandahátt í mínu lífi.

Atvikið sem um ræðir gerðist norður í Hörgárdal, skammt vestan við Akureyri, 1990. Í Hörgárdalnum vann ég í átta eða tíu mánuði við almenn bústörf. Dag einn gekk svarta þoka yfir dalinn með litlu skyggni svo varla sást handaskil. Vinnuveitandi minn bað mig samt um að skreppa til Akureyrar og sækja varning sem hann átti von á og lá tilbúinn til afreiðslu í vörumóttöku Kaupfélagsins. Er ég hafði beygt af heimreiðinni og inn á aðalveginn og ekið dálitin spöl eftir honum, ákvað ég

skyndilega að kíkja í póstkassann og athuga með póstinn og gripa hann með mér. Stöðvaði ég því pallbílinn setti hana í bakkgír og bakkaði eftir veginum, án þess raunverulega að sjá nokkurn skapaðan hlut aftur fyrir mig. Ég get viðurkennt það hér að ég treysti bara Drottni fyrir því að allt myndi fara vel. Eftir svoltinn tíma stöðvaði ég farataekið, leit til hægri og sjá. Póstkassinn blasti við mér út um hliðarglugga bílsins. Drottinn hafði vissulega tekið við stjórninni. Um það efaðist ég ekki eitt augnablik. Og ég sagði: “Takk Jesús“ - og var ekki laust við að hvarmar vættust með eilítlum ekka.

En var Jesús stoltur af stráknum sínum á þessu augnabliki? Af og frá. Margt hefði getað gerst á þessari leið, þó stutt væri. Ég gat hæglega hafa bakað út af veginum vegna þéttrar þokunnar. Munum að skyggnið var nást ekkert. Líka gat ég hafa lent á póstkassanum og skemmt hann eða eyðilaggt og dældað bifreiðina. En ekkert slíkt gerðist. Jesús var með til að forða skakkaföllum og tjóni og hugsanlegu slysi. Þá komu upp í huga minn orðin þegar Satan var að freista Jesús í eyðimörkinni:

“ Þá tekur djöfullinn hann með sér í borgina helgu, setur hann á brún musterisins og segir við hann: Ef þú ert sonur Guðs, þá kasta þér ofan, því að ritað er: Hann mun fela þig englum sínum, og þeir munu bera þig á höndum sér, að þú steytir ekki fót þinn við steini. Jesús svaraði honum: Aftur er ritað: Ekki skalt þú freista Drottins, Guðs þíns. Enn tekur djöfullinn hann með sér upp á ofurhátt fjall, sýnir honum öll ríki heims og dýrð þeirra og segir: Allt þetta mun ég gefa þér, ef þú fellur fram og tilbiður mig. - En Jesús sagði við hann: Vík brott, Satan! Ritað er: Drottin, Guð þinn, skalt þú tilbiðja og þjóna honum einum. “ (Matt. 4. 5 – 10)

Þarna lærði ég að ég má ekki freista Guðs. Hann fyrirgef mér að vísu vitleysuna vegna þess að honum var kunnugt um fáfræði mína um Orðið vegna ungs aldurs í trúnni.

Þessi tvö atriði sögðu mér að ég ber ábyrgð á lífi mínu og þarf að vera með fullri meðvitund við þau verk sem ég starfa að á hverjum tíma. Auðvitað er Drottinn með og mun gefa ráð um bestu leiðirnar. En hann setur mig ekki fram á brún musterisins

og segir. “ Stökktu og vittu hvort ég gríp þig “ – í einhverjum annarlegum tilgangi. Slíkt er verkslag óvinarins.

Til að ljúka sveitasæluinni langar mig að endingu til að segja litla sögu um hvernig Drottinn getur yfirtekið kringumstæðurnar og þess vegna gert manni skelfilegan kinnroða. Viljir þú kynna hómorista hvet ég þig til að skoða Jesú og vináttu hans.

Við erum ennþá í Hörgárdalnum. Bóndinn, mikil ágætismaður og duglegur og góður vinur, var ekki mikið upp á Guðshöndina kominn og fannst mesta fjarstæða að huga að slíkum málum. Og ég, þessi trúaði kall úr Hafnarfirði, var þá kominn í hús Drottins og auðvitað komst ég ekki endalaust hjá því að segja frá, þótt hvorki hafi það verið gert með djörfung eða áhuga. Í hvert skipti sem ég nefndi Jesú á nafn brást bóndinn hinn versti við og skipaðist á móti og gat verið afar harkalegur í afstöðu sinni. Og þannig fór að ég kveinkaði mér orðið undan þessu og vildi helst ekki þurfa að nefna það sem ég þekkti og hafði upplifað með ýmsum hætti í gegnum trú mína á upprisinn frelsarann og vissi að um sannleika væri að ræða, og ekkert nema sannleikann. Segir enda Jesú sínum mönnum að standa ekki í deilum til einskis gagns:

“ En hafna þú heimskulegum og óskynsamlegum þrætum. Þú veist, að þær leiða af sér ófrið. Þjónn Drottins á ekki að eiga í ófriði, heldur á hann að vera ljúfur við alla, góður fræðari, þolinn í þrautum, hógvær er hann agar þá, sem skipast í móti. Guð kynnir að gefa þeim sinnaskipti, sem leiddi þá til þekkingar á sannleikanum. “ (2Tím: 2. 23 – 25)

Ég var ekki mikið að ýta minni trú að hvorki bónda né öðru heimilisfólki þarnaá bænum. Og var reyndar dálítið kvíðinn fyrir því að einhver færi að nefna trúmál í mín eyru. Ég gat þá vænst árásar frá vini mínum, bóndanum á bænum. En Drottinn fylgdist með úr fjarlægð og vissi hvernig mér leið.

Í þann tíð var ég áskrifandi að blaðinu Bjarma og fékk blaðið sent til mín þar sem ég var niðurkominn. Sjálfum þótti afskaplega vænt um þessar sendingar af Bjarmanum. Blaðið var nánast eina tenging mín við annað trúað fólk á þessum tíma. Blaðið flutti ýmsar fréttir og mikilvægar af akrinum. En samskipti við aðra trúaða kristna menn jafngildir sjö hreinsuðu gulli fyrir hinn trúaða.

Einn daginn skrapp ég ásamt bóndanum og tveimur öðrum mönnum til Akureyrar. Og segir ekki meira af þerri ferð fyrr heldur en á bakaleiðinni, við póstkassann heima. Komin voru mánaðramót og Bjarmi líklega í póstkassanum. Ég stökk út úr bílnum og tók með mér bunkann og settist aftur inn í bifreiðina. Og mikið rétt. Þarna var Bjarminn innpakkður í plast eins og venjulega, ásamt pósti annarra heimilismanna. Á leiðinni að bænum kom þessi líka kvíði yfir mig. “ Færu mennirnir nú að spyrja mig um Bjarma. ” Heimamenn vissu að ég var áskrifandi að sneplinum. Sumir höfðu fengið að líta í hann án þess að kveða upp úr um hvernig efnið talaði til þeirra. En spurningar um blaðið, kristindóminn, gætu hæglega kostað hasar og læti - sem ég var alls ekki undirbúin fyrir að svo komnu máli.

En vitaskuld lét Drottinn mig ganga í gegnum þessa erfiðleika því bóndi blessaður spurði mig einmitt hvort ég hafi ekki fengið eitthvað gott í póstinum. Ég veigraði mér við að svara spurningunni, en Jesús var á öðru máli. Skyndilega opnaði ég muninn og hrópaði þessi orð. Já trúíð mér að ég hrópaði þau þarna inn í bílnum: “ Ég fékk blaðið Bjarma sendan sem er kristilegt blað. “ Dauðaðögn ríkti það sem eftir var ferðarinnar að íbúðarhúsinu. Sjálfur varð ég mest undrandi af öllum í bílnum á eigin viðbrögðum og hvernig ég svaraði spurningu mannsins. Þetta var ekki ég sem talaði heldur Heilagur Andi sem tók yfir. Það skynjaði ég á staðnum

Þarna lærði ég að Drottinn er með og gefur djörfungina fyrir sinn Heilaga Anda sem allir hljóta sem Drottinn leysir til sín úr heiminum. Engum manni mun leyfast að hæðast að börnum Guðs eða gera lítið úr trú þeirra. Hann mun um síðir koma inn og rétta hlut sinna barna sem auðmjúk biðja til hans um vernd og hjálp. Og ég hafði fengið aðgang að öllum pakkanum þegar ég frelsaðist í græna stólnum mínum í litla kvistherberginu sem ég leigði á Grettisgötunni í Reykjavík en ekki bara hluta hans.

En ég tek skírt fram að samband mitt við þennan ágæta bónda var alla tíð gott og skildum við góðir vinir. Andstaða hans gegn trúnni beindist aldrei gegn mínum karakter heldur persónu Jesú Kristi. Hann var eins og áður bitbeinið. Þó hygg ég að bóndinn þessi hafi samt verið nær frelsaranum en hann sjálfur hugði. Það mátti merkja af almennu viðmóti mannsins, gestrisni hans sem var einstök, hjálpsemi og öðru álíka.

Árið 1991 lá leið mín á nýjan stað. Ný heimkynni voru framundan á hinum enda landsins. Lengra gat Drottinn ekki sent mig nema flytja mig til annars lands. En það var ekki ætlunin. Þá að minnsta kosti.

4 kafli - 2 hluti.

Þegar starfi mínu á sveitabæjum landsins lauk og ég kominn svona í millibilsástand, atvinnulega séð, fór Drottinn að tala til mín um að fara út á land og búa þar. Þetta var í ágúst 1991 og gerðist þannig að ég heyrði í hádegisfréttum Ríkisútvarpsins, Rás 1. Þar sem greint var frá Pólverjum sem verið væri að „moka inn „ (eins og ég orðaði þetta þá) Pólverjum til Neskaupstaðar til að vinna í fiski. Ég hugsaði með sjálfum mér að úr því að pólskt fólk gæti fengið vinnu og húsnæði þá hlyti ég að líka að geta komist að. Næsta skref í málinu var að hringja austur og athuga hvort ekki væri gefið út á staðnum bærjblað sem hægt væri að auglýsa í. Jú. Blaðið Austurland var gefið þarna út. Ég hringdi á blaðið og bað auglýsingastjóran um að birta fyrir mig litla auglýsingu. Auglýsingin var á þá leið að 38 ára karlmaður óskaði eftir 2gja herbergja íbúð á Neskaupstað og atvinnu. Upplýsingar í síma...

Tíminn leið. Svo leit út sem að auglýsingin hafi ekki skilað sínum árangri. Eftir þrjár vikur án svars fór ég að efast um að Drottinn hafi verið með í ráðum heldur minn eigin hugur að gjamma. En að þeim tíma liðnum hringdi síminn. Í símanum var konurödd sem spurði hvort ég hafi verið að óska eftir íbúð á Neskaupstað. Hún kvaðst hafa fundið nokkra vikna gamalt Austurland og farið að fletta í blaðinu og þá séð auglýsinguna mína og dottið í hug að hringja og kanna málin hvort maðurinn væri enn í borginni og enn ekki fengið inni í bænum fyrir austan.

Og það stóð heima. Hún sagði mér þá að öldruð móðir sín væri að flytjast úr parhúsi sínu á Neskaupstað til Reykjavíkur og vildi leigja einhverjum góðum leigjanda húsið til að það stæði ekki autt. Þegar ég heyrði hversu stórt húsið væri fóru að renna á mig tvær grímur. Hvað hafði ég einsamall að gera við heilt parhús með þremur herbergjum í og á tveim hæðum? Eftir nánara samtal og betri útlistun á húsakostinum komst ég að raun um að það myndi líklega henta mér ágætlega. Og var bundist fastmælum um að ég leigði þetta húsnæði um óákveðin tíma. Þarna steig ég skref í trú. Ég vissi að ég var á leið til Neskaupstaðar. Hvernig ég átti að komast þangað með allt mitt hafurstaks hafði ég enga hugmynd um, auralaus maðurinn með ekkert lánstraust í bönkum.

En Guð var með áætlun. Móðir mín, Lilja Sigurðardóttir, nú látinn, steig fram og fór í Sparisjóðinn í Hafnarfirði og fékk sjötíu þúsund króna lán sem ég síða sá n um að greiða mánaðarlega af.

Nú voru komnir peningar og húsnæðið var frágegnið og mér ekki lengur til setunnar boðið í höfuðborginni. Ég hringdi í konuna sem vildi leigja mér. Síðan hittumst við heima hjá henni og gengum frá samningnum og ég greiddi fyrsta mánuðinn í leigu áður en ég yfirgaf heimkynni hennar í Reykjavík. Daginn eftir hafði ég samband við sendibílastöð og bað um að mér yrði sendur bíll. Þegar sendibíllinn kom hlóðum við hann í sameiningu og skutluðum dótinu niður á bryggju og settum í lítinn tíu feta gám sem fór um borð í Esjuna. (Skiptaúterð ríkisins, Ríkisskip, var þá enn við lýði) Komið var að þeirri stund að yfirgefa herbergið á Grettisgötu og til nýrra heimkynna hinum megin á landinu. Nýtt líf var framundan með nýjum áherslum.

Flugið var morgunflug til Egilstaða og lent þar um hálf tíu leitið. Á Egilstaða flugvelli hitti ég eigandann, gömlu konuna, sem var á leið til Reykjavíkur, og alfarinn frá Neskaupstað. Eins og talað var um mundi kona þessi afhenta mér lykllana að húsnæðinu á flugvöllinum eystra. Þaðan fór ég svo með áætlunarbíl niður á firði og kom til Neskaupstaðar um hádegisbilið, með lykllana í buxnavasanum. Rigning var úti og fremur hráslagalegt veður. Enda komið fram í september. Staðurinn var mér framandi og hafði ég aðeins einu sinni áður komið þangað. Gerðist það fyrir allmörgum árum á skipi sem ég var skráður á.

Enga hugmynd hafði ég um hvar Þórhólsgrata 3 væri í bænum. En við þá götu stóð húsnæðið sem ég hafði leigt mér. En allt hafðist þetta og þegar ég kom í fyrsta skipti inn um dyrnar blasti við augum mínum þokkaleg íbúð. Að vísu svolítið gömul. Drottinn var með, það fann ég glöggt í hjarta mínu frá fyrstu stund. Ég var alsæll. Kominn í eigið leiguhúsnæði, með garði stórfenglegt útsýni yfir sjóinn og ytri höfnina.

Klukkan tuttugu sama dag sigldi Esjan inn á rólegri ferð og lagðist upp að bryggjunni. Og var gámurinn hífdur í land. Þá gátu flutningarnir hafist. Svo skemmtilega vildi til að þrem vikum áður en ég kom hafði manneskja í Neskaupstað ákveðið að starfrækja sendibíl. Slík þjónusta hafði ekki verið í þessum bæ um nokkurt skeið.

Ég lenti þar af leiðandi ekki í neinu veseni við að koma dótinu mínu frá bryggjunni og heim. Um það var ekki að villast að Drottinn sér fyrir sínum. Þessu gerði ég mér enn betur grein fyrir þegar búslóðin mín var öll kominn inn og ég byrjaður að raða hlutunum upp. Meira að segja voru naglarnir fyrir myndirnar rétt staðsettir á veggjunum og nákvæmlega jafn margir og myndir voru og ég hugðist nota. Eina sem ég gerði var að taka þær upp úr kassanum og hengja á sinn nagla.

“ Það orð er satt: Ef vér höfum dáið með honum, þá munum vér og lifa með honum. Ef vér stöndum stöðugir, þá munum vér og með honum ríkja. Ef vér afneitum honum, þá mun hann og afneita oss. Þótt vér séum ótrúir, þá verður hann samt trúr, því að ekki getur hann afneitað sjálfum sér. “ (2Tím :2. 11 – 13)

Svona upplifði ég nærveru Drottins á þessu augnabliki á fjarlægum stað sem ég vissi ekki til að ég þekkti neinn á. Síðar kom í ljós að ein frænka mín bjó þarna ásamt manni sínum og börnum.

Áður en ég flutti austur fékk ég fullvissu um þrennt. Að fyrsti símreikningur minn myndi hljóða upp á sex, sjö þúsund krónur, að flutningurinn austur kostaði mig sömuleiðis á milli sex og sjö þúsund krónur, og að ég yrði að bíða eftir atvinnu í á fjórðu viku á hinum nýja stað. Þetta gekk allt eftir.

Fyrstu dagarnir eftir að ég flutti fóru að mestu í að ganga um bæinn. Fljótlega sótti ég um vinnu hjá Síldarvinnslunni. Þar komst ég að eftir rúmlega þrjár vikur. Alveg eins og Drottinn var búinn að segja við mig. Þegar þrjár vikur voru að baki án þess að vinnan væri í höfn fóru samt að renna á mig tvær grímur og fór “ herra efi “ að gera vart við sig. En Drottinn stóð við sitt. Í saltfiskskemmuni á Neskaupstað starfaði ég á fimmta ár. (Sömu skemmu og kvikmyndin Hafíð var að mestu tekin upp í.)

Eins og fram kom gekk ég um nýja bæinn fyrstu daganna og skoðaði hann og reyndi að meta ástandið. Einn daginn var ég á gangi eftir Egilsbraut og hélt mér hægra megin á gangstéttinni. Þegar ég fór að nálgast bókabúðina var eins og hönd Guðs beindi mér sérstaklega að þessari bókabúð hinum megin götunnar. Áður en ég vissi af gekk ég yfir brautina og inn í búðina og beygði þegar inn var komið til vinstri og gekk á milli fyrsta og annars bókarekka nokkur skref og staðnæmdest við enda rekkans

og leit niður og kom þá auga á tvær bækur í neðstu hillu. Þær reyndust vera “ Kristnar Hugvekjur, „ sem prestar þjóðkirkjunnar tóku saman um 1980 og Skálholtsútgáfan gaf út, minnir mig. ” Greinilegt var að Drottinn vildi að ég eignaðist bækurnar miðað við aðdragandann að kaupunum. Og ekki spillti verðið þessari gleði minni, sem að mig minnir var eitthvað eitt, tvö- hundruð krónur fyrir bæði eintökin.

Ég tek fram að atburðurinn gerðist um haustið 1991. Á þeim tíma var ég afskaplega hungraður í Orðið og hvaðeina sem tengdist Orði Guðs og las bækur sem hjálpuðu mér að meðtaka og skilja það sem skiptir hvern mann svo miklu máli. Og þarna var ég einnig orðinn einn með mína trú og þurfti á hjálp að halda til að vaxa og öðlast meiri skilning á Orðinu. Átlanir Drottins bregðast ekki. Plan hans er áreiðanlegt. Það upplifði ég mjög greinilega á Neskaupstað. “ Í útleðinni “ - eins og ég stundum nefni þetta tímabil í mínu lífi.

Áður en ég flutti austur var ég búinn að fá til mín orð úr Biblíunni sem fylgdi mér og gerir reyndar enn. (2010) Orðin sannfærðu mig endanlega um að Drottinn Jesús Kristus hafi verið með í ráðum en ákvörðunin ekki mitt eigið hugarfóstur. Alltaf þegar ég fékk og fæ þessi Orð vissi ég og veit að ferð er framundan. Orðið sem um ræðir er svohljóðandi:

“ Sjá, ég sendi engil á undan þér til að varðveita þig á ferðinni og leiða þig til þess staðar, sem ég hefi fyrirbúið. “ (2Mós :23. 20)

Þegar Orðin voru komin fram fór ég samstundis að leggja fé til hliðar af kaupinu mínu til mæta kostnaðinum sem ég vissi að var framundan. Að leggja fé til hliðar var nauðsýnlegt vegna þess að kaupid var ekki hátt og brýnt að safna í sarpinn til að eiga örugglega fyrir útlögðum kostnaði. Að öðrum kosti var ferðin útilokuð. Hvert ferð væri svo heitið mundi skírast í fyllingu tímans. Þetta gerði ég frá fyrstu tíð í trú.

Í eitt og hálf ár var ég bara kyrr á Neskaupstað og fór ekki fet og ekki einu sinni yfir mikinn fjallgarðinn (Oddskarð) yfir til Eskifjarðar. Þetta var mikil breyting hjá manni sem var búinn að vera á faraldsfæti frá unglingsárum. Á Neskaupstað fór Drottinn að setja í mig löngun til að stoppa einhverstaðar og stunda mitt starf og halda mér kyrrum

á mottunni. Sem einnig var nýtt fyrir mér. Og mér líkaði vel við þessa breytingu og ég þakkaði þær Drottni, sem yfirleitt nennti að vera að fást við þennan gallagrip sem maður var og eflaust er ennþá að mörgu leiti.

“ Hlýðið á mig, þér kynsmenn Jakobs, og allir þér, sem eftir eruð af kyni Ísraels, þér sem eruð mér á herðar lagðir allt í frá móðurkviði og ég hefi borið allt í frá móðurlífi: Allt til elliára er ég hinn sami, og ég vil bera yður, þar til er þér verðið gráir fyrir hærum. Ég hefi gjört yður, og ég skal bera yður, ég skal bera yður og frelsa. Við hvern viljið þér samlíkja mér og jafna mér? Saman við hvern viljið þér bera mig sem jafningja minn? “

(Jes: 46. 3 – 5)

Eftir eitt og hálf ár fór ég aftur að fá til mín ofanrituð Orð frá Guði. **“ Sjá, ég sendi engil á undan þér til að varðveita þig á ferðinni,”** - og svo framvegis. Líkt og vanalega vissi ég ekki hvert ferð var heitið en þorði samt ekki annað en byrja að taka af kaupinu mínu og leggja til hliðar. Vanalega gaf Drottinn mér þrjár til fjórar vikur til að safna. En eftir svona tvær vikur fóru mál vanalega að skírast og ég vissi hvert ég átti að fara.

Ég var í góðu sambandi við Kristniboðssambandið á þessum tíma, mest í gegnum blaðið Bjarma sem ég fékk sent til mín. Í blaðinu voru gjarnan auglýstar uppákomur sem voru væntanlegar í herbúðum þessara kristnu manna. Í einu blaðinu var einmitt auglýsing sem sannfærði mig um að ég ætti að mæta á staðinn. Þetta var mót sem K.F.U.M. hélt, að mig minnir um verslunarmannahelgi í Vatnaskógi. Má vera að um annan tíma sumarsins hafi verið að ræða. En mót engu að síður. Á mótið mætti hátt í fimm hundruð manns. Þar fór fram kennsla og fyrirlestrar og annað sem byggir upp til anda og sálar. Síðasta daginn, sunnudagur, var mótsgestum boðið að taka þátt í altarisgöngu að lokinni hefðbundinni messu. Stundin var stórkostleg og ný upplifun fyrir mig. Drottinn kom málum þannig fyrir að ég fékk að vera fyrstur til að þiggja brauðið og vínið og settist að því loknu á fremsta bekk. Þaðan gat ég fylgst með athöfninni. Athöfnin tók töluverðan tíma vegna mannfjöldans á staðnum. Ég man að Drottinn bað mig um að skoða það sem fram færi við altarið. Og ég byrjaði að

fylgjast með þegar fólkíð fékk brauðið og vínið, eða blóð og líkama Jesú Krists. Stundin sem ég upplifði í sætinu mínu var stórkostleg. Ég skynjaði hátíðleikan við altarið og hversu magnaður þessi gerningur er í augum Drottins. Ég virkilega sá Jesú Krist starfa í gegnum fólkíð sem bar fram efnin. Ég skynjaði og að svona altarisganga er háheilagur gerningur sem menn skildu varast að vanhelga. Sannarlega er Jesús Kristur sjálfur í þeim efnunum sem fram eru borin í altarisgöngunni.

Allt það sem ég upplifði á þessu móti í Vatnaskógi, einkum og sérílagi téðan sunnudag og altarisgönguna vekur mér enn svipaða gleði og þá þótt allmörg ár séu liðin. Enda mögnuð og eitthvað sem menn einungis upplifa með og í Jesú. Dýrð sé þér Drottinn. Hver er sem þú? Hverjum vill ég líkja við þig? Hver getur það sem þú megnar í lífi hveurrar manneskju?

“ Því að ég hef meðtekið frá Drottni það, sem ég hef kennt yður: Nóttina, sem Drottinn Jesús var svikinn, tók hann brauð, gjörði þakkir, braut það og sagði: Þetta er minn líkami, sem er fyrir yður. Gjörði þetta í mína minningu. Sömuleiðis tók hann og bikarinn eftir kvöldmáltíðina og sagði: Þessi bikar er hinn nýi sáttmáli í mínu blóði. Gjörði þetta, svo oft sem þér drekkið, í mína minningu. Svo oft sem þér etið þetta brauð og drekkið af bikarnum, boðið þér dauða Drottins, þangað til hann kemur. Hver sem etur brauðið eða drekkur bikar Drottins óverðuglega, verður þess vegna sekur við líkama og blóð Drottins. Hver maður prófi sjálfan sig og eti síðan af brauðinu og drekki af bikarnum. Því að sá sem etur og drekkur án þess að dæma rétt um líkamann, hann etur og drekkur sjálfum sér til dóms. “ (1Kor: 11. 23 – 29)

5 Kafli - 2 hluti

1991, árið sem ég flutti til Neskaupstaðar, var ég á þeim stað að ég taldi farsælast að láta svokallaða “ sértrúarsöfnuði “ (frjálsu söfnuðina) eiga sig. Á þeim tíma efaðist ég um að þeir hvort þessir söfnuðir færu rétt með. Og átti þá við Orðið. Lengi vel forðaðist ég þetta fólk og lét mér bara nægja mína þjóðkirkju og molanna sem hún bar

í mig. Og allt í lagi með það. Mennt lengra komnir í fræðunum en ég voru margir hverjir efins um allt sem starfaði utan þjóðkirkjunnar. Með þann lærdóm í handraðanum kom ég til Norðfjarðar. Og ég fór að sækja kirkjuna í bænum annan hvern sunnudag, á messutímum fyrst og fremst fyrir þær sakir að engin annar kostur var í boði nema Norðfjarðarkirkja. Hún var eini samkomustaðurinn í bænum sem trúað fólk gat komið saman á til að lofsyngja sínum Guði. Og er svo um flesta aðra staði utan stór Reykjavíkursvæðisins enn í dag og er nokkuð sem fólk þar má vel vita um og hugleiða.

Í lok einnar messunnar fór fram altarisganga í Norðfjarðarkirkju. Presturinn tilkynnti um þetta í upphafi stundarinnar. Ég sat aftarlega, vinstra megin, og byrjaði að kvíða þessi líka lifandis ósköp fyrir að þurfa að ganga eftir gólfinu og upp að altarinu innanum allt þetta fólk, sitjandi þarna á hörðum, óþægilegum kirkjubekknunum. Maður var svona pínulítið lítill í sér á þessu augnabliki en staðráðin í að láta sig hafa það, í þetta skiptið. Ég gerði mér grein fyrir að altarisgangan var eitthvað sem kristið fólk ætti að sækjast eftir að þiggja. En þegar lengra leið á messuna var ég samt hættur við allt saman og búinn að ákveða að sitja bara kyrr og láta altarisgönguna fram hjá mér fara. Ég mat ástandið á þann veg að þessi biti væri full stór fyrir litla “spóahjartað” sem sló óvenju mörg slög á bak við bringubeinið.

Þegar presturinn bauð fólkinu að koma fram og að borði Drottins og sagði: „Allt er tilbúið „,- vissi ég ekki af mér fyrir en á ganginum á milli bekkjanna og á hraðri göngu í átt að altarinu. Drottinn einfaldlega tók í öxlina á mér og þrýsti mér fram á gang. Téð altarisganga var fyrsta sinnar tegundar eftir að ég tók trú tveimur árum fyrir á Grettisgötunni. Skrefin í Norðfjarðarkirkju voru mjög mikilvæg. Allt byrjar nefnilega á fyrsta skrefinu. En það er yfirleitt erfiðast að stíga. Að þora ekki fram vegna annarra í kringum sig er ekkert annað en ótti sem dregur mátt úr fólki. Drottinn vill að sitt fólk sé upplitsdjarft og kraftmikið. Líka af þeim ástæðum grípur hann í taumanna og gerir það sem þarf til að manneskjan komist út úr sjálfinu og inn í sigurinn. Nákvæmlega þetta gerðist í mínu tilviki í Norðfjarðarkirkju þennan sunnudag. Það sem á eftir kom var samt rúsínan í pylsuendanum.

Ég stóð fyrir framan altarið og beið. En þannig háttaði til að ég komst ekki að í fyrsta hollu og varð bíða þangað til röðin kæmi að mér að beygja kné mín. Þar sem ég stóð og beið eftir að komast að gerðist svolítið. Og nú skaltu halda þér fast, lesandi minn. Sjálfur Jesús Kristur stóð skyndilega fyrir framan mig í allri sinni dýrð. Engin efi var í mínu hjarta. Andi minn þekkti hann. Jesús stóð andspænis mér. Hann var þarna. Enginn annar en ég gat skynjað nærveru hans þótt fólk stæði mér til sitt hvorrar handar. Jesús kom til að uppörva mig. Hann er enda persónulegur Guð. Erfitt er að lýsa í orðum hvernig mér leið á þessu stórfenglega augnabliki. Engin kvíði og til ótta né hræðslu fann ég ekki heldur undursamlegur friður og vellíðan sem varði á meðan við stóðum þarna gegnt hvorum öðrum. Ég get ekki lýst hvernig hann lítur út. Ég sá hann ekki með augum mínum, heldur birtist hann mér andlega. Það var hjarta mitt, minn andlegi maður, sem sá hann, ekki holdið. Það sem fætt er af holdi er hold, og holdið getur ekki séð það sem er andlegt. Andi minn, hinn raunverulegi ég, sér á andlegan hátt og þannig mætti Drottinn þessari sköpun sinni. Í anda. Þessi nærvera varði í nokkrar mínútur. Engin inni varð neins óvenjuelgs vars. Enda persónulegt.

“ Á þeim degi munuð þér skilja, að ég er í föður mínum og þér í mér og ég í yður. Sá sem hefur boðorð mín og heldur þau, hann er sá sem elskar mig. En sá sem elskar mig, mun elskaður verða af föður mínum, og ég mun elska hann og birta honum sjálfan mig. Júdas ekki Ískariot sagði við hann: Herra, hverju sætir það, að þú vilt birtast oss, en eigi heiminum? Jesús svaraði: Sá sem elskar mig, varðveitir mitt orð, og faðir minn mun elska hann. Til hans munum við koma og gjöra okkur bústað hjá honum. Sá sem elskar mig ekki, varðveitir ekki mín orð. Orðið, sem þér heyrið, er ekki mitt, heldur föðurins, sem sendi mig. “ (Jóh: 14. 20 – 24)

Þegar ég sit núna við tölvuna mína mörgum árum eftir atburðinn og vinn að þessari samantekt upplýkst fyrir mér tengingin. Hví hann birtist mér við altarið. Hún tengist einfaldlega kvíða mínum sem gerði vart við sig á meðan ég sat í sætinu mínu og hættur við allt saman. Jesús er raunverulegur. Jesús er góður og ávallt reiðubúinn til að mæta og leiða sköpun sína. Og þegar hann mætir býr líka einhver ástæða að baki. Jesús kemur ekki bara til að koma. Með þessu vildi hann láta mig vita að hann elskar

mig með eilífum kærleika og er þar sem ég er, og ekkert öðruvísi. Munum að ég var staddur inn í Þjóðkirkju.

“ Og er hann hafði látið fólkið fara, gekk hann til fjalls að biðjast fyrir í einrúmi. Þegar kvöld var komið, var hann þar einn. En báturinn var þegar kominn langt frá landi og lá undir áföllum, því að vindur var á móti. En er langt var liðið nætur kom hann til þeirra, gangandi á vatninu. Þegar lærisveinarnir sáu hann ganga á vatninu, varð þeim bilt við. Þeir sögðu: Þetta er vofa, og æptu af hræðslu. En Jesús mælti jafnskjótt til þeirra: Verið hughraustir, það er ég, verið óhræddir. “ (Matt: 14. 23 – 27) - Biblían segir sjálf að Guð sé hin sami í gær og í dag og um aldir. Og okkur ber að trúa Orði Guðs.

Til frekari útskýringar vil ég geta þess að ég nam ekkert orð af vörum hans þarna við gráturarnar. Þremur dögum eftir atburðinn fæddust Orðin. Það sem Jesú sagði var þetta: “ Konni! “ - Hann benti fingri sínum upp í loftið. “ Ég er líka í þessari kirkju. Þú þarft ekki að fara neitt annað til að finna mig. “ - Sjáið þið núna hvernig birting Jesú tengist kvíða mínum þar sem ég sat óruggur í sæti mínu og var búin að gefa borð Drottins frá mér.

Sannarlega fékk ég hvatningu beint frá háseti lifandi Guðs. Jesú kom vegna ástands míns þarna á kirkjubekknum. Nú var nefnilega komið að mér að stíga erfitt skref. Guð er góður Guð og Jesús er ávallt til staðar. Þarna slitnuðu ákveðnir hlekkir sem óttinn við álit annarra á eigin gerðum orsökðu. Margir kannast við slíkt í eigin fari? En vítahringinn þarf að rjúfa. Það er í eðli frelsarans að rétta þurfandi hönd sína. Þess vegna líka dó hann og reis upp úr ríki dauðans til lífsins eftir þrjá daga í greipum dauðans.

Fram hefur komið að ég var með ákveðna fordóma í garð annarra trúfélaga sem stafaði trúarlegu uppeldi mínu í byrjun minnar trúargöngu. Að vilja fara varlega er í sjálfu sér er ekkert óeðlilegt við þegar haft er til hliðsjónar að ýmislegt á sér stað og ekki allt kristilegt. Við vitum og að Biblían varar fólk á mörgum stöðum við afvegaleiðendum, villukennendum, fallspostulum, fallskristum. Og var maður og er

enn dálítið merktur þessu. Vitaskuld á maður að fara varlega í sakirnar og vingsa úr allt sem stenst ekki Orðið.

Þetta var árið 1993. Nokkrum vikum áður hafði ég kynnst tveim ungum stúlkum sem voru nýlega frelsaðar. Þær voru fæddar og uppaldar í Neskaupstað. Þessi kynning átti sér stað á þann veg að kvöld eitt í október 1993 var barið að dyrum á Þórhólgötu 3. Úti var blíðaskapar veður en dálítið kalt. Á timburklæddri veröndinni stóðu tvær ungar stúlkur. Ég varð undrandi og örugglega vandræðalegur í framan og vissi ekki hvaðan á mig stóð veðrið. Þá allt í einu tók önnur stúlkán á sig rögg og sagði: ” Ertu frelsaðu? “ Því jánkaði ég. Þar með var múrinn rofinn og ég bauð gestunum inn. Um kvöldið spjölluðum við margt og vitnuðum hvort fyrir öðru um mátt og megin Jesú Krists í okkar lífi. Stundin var ánægjuleg. Einkum fyrir þær sakir að gestirnir áttu trú á sama Guð og ég hafði eignast og tilbað. Á Neskaupstað voru fáir trúaðir. Að fá systkini í heimsókn var og er gulls ígildi. Eftir um tvo tíma yfirgáfu þær svo húsið og héldu til síns heima.

Eitthvað þremur vikum eftir þessa heimsókn er aftur barið að dyrum og sömu manneskjur standa við útidyrnar. Núna hafði þriðja manneskjan bættis við og birtist mér í hávaxinni konu á yfirreið um landið og fór í fyrirtækin á landsbyggðinni til að safna fjármunum til styrktar Krossgötu. Krossinn í Kópavogi var og hennar samfélag í þann tíð.

Þar sem hún var kominn alla þessa leið var sjálfsagt mál að opna heimili sitt og bjóða henni og hinum inn. Annað var óásættanlegt af minni hálfu. Og barst talið fljótlega inn á lendur Biblíunnar. Umrætt kvöld komst ég að raun um að fólk í Krossinum talaði sama tungumál og ég sjálfur. Þessi gestur minn trúði á sama Jesú Krist og ég hafði beðið til í mörg undangengin ár. Ég skynjaði engan mismun. Greinilegt var að Orðið sem ég las daglega hafði hún einnig gert að sínu. Engin munur var á. Bæði þráðu að sjá syndarann leysast frá bindingum sínum, fjötrum og helsi syndarinnar. Til þessa verks frelsaði hann mig. Orðið sjálft sér um allan dóm.

En þetta kvöld sýndi Drottinn mér að ég á engu að kasta frá mér að óathuguðu máli, heldur þvert á móti gefa fólki séns á að skíra út sín mál í kærleika Krists. Þessi

manneskja úr Krossinum fékk sinn séns og málin skírðust eftir sem á kvöldið leið. Gerðist það einfaldlega með eðlilegu tali allra aðila, án þess að einn væri að pumpa annan eða krefja um afstöðu í þessu eða hinu málinu. Betra er að treysta bara Guði fyrir sínu.. Þarna hrukku af mér fjótrar sem áður höfðu hindrað mig í að kanna þessi mál og raunverulega hindruðu mig í að treysta Drottni fyrir trú minni þegar á allt var horft. Sem allt málið snýst vitaskuld um. Má því segja að Drottinn hafi notað þessar norðfirsku vinkonur mínar til að opna augu mín fyrir mínum eigin fordómum í garð bræðra og systra sem ekki voru beintengdir Þjóðkirkjunni. Sem þó er í góðu lagi að tilheyra ef menn vilja. Þetta skulum við muna.

Aftur kemur að þeim sannleika að Guð veit hvað hann gerir. Öll erum við haldin fordómum sem þekkingin og eftirgrennslanin síðan fellir um sjálfa sig og upp lýkst nýr heimur og við skynjum og skiljum að skoðanirnar byggðust á vanþekkingu. Drottinn kemur með sannleikann umbúðalausan og hreinan.

Ég hef lært að Drottinn og að læra af honum er besta meðalið við heimsku og vitleysu.

Mig langar til að bæta einu atriði inn í þessa mynd sem gerðust á meðan ég enn var haldin mínum fordómum. Ég hef áður getið um það að ég sendi frumsamdar greinar í blöðin. Og eftir að ég frelsaðist sendi ég inn greinar Morgunblaðið og birtust þær í Velvakanda. Allir þessir pistlar fjölluðu um málefni kristinnar trúar.

Dag einn að loknum erilsömum vinnudegi lágu nokkur bréf á gólfinu heima. Flest bréfanna voru rukkanir frá símanum, rafmagnsveitunni og ríkissjónvarpinu. Enda komið að mánaðarmótum. Eitt bréfanna var í öðruvísi umslagi en hin og líklega frá einstaklingi sem vildi senda mér línu. Þegar ég opnaði umslagið kom í ljós að bréfið var frá manni sem lengi stundaði Sjómannatrúboð vestur á Ísafirði, Sigfúsi Valdimarssyni og var tengdur Hvítasunnuhreyfingunni í bænum. Þar sem ég vissi að maðurinn starfaði utan Þjóðkirkjunnar hafði ég frekar lítinn áhuga á innihaldi bréfsins. Í bréfinu var Sigfús að þakka mér þær greinar sem birst hefðu eftir mig á síðum Morgunblaðsins og hvetja mig að halda áfram á sömu braut. En ég, haldin mínum fordómum, tók bréfið og reif það í litla strimla og fleygði í ruslafötuna. Nokkru síðar barst mér annað bréf frá sama aðila og var innihaldið á svipuðu nótum

og hitt bréfið. Og hafnaði það einnig í ruslinu í tætlum. Ég hvorki svaraði til baka né hafði samband við hann á annan hátt. Maður var einfaldlega á þessum stað þá í sinni trú og trúarlegur þroski minn ekki meiri. Núna hefði ég gjarnan vilja eiga bréfin frá þessum ágæta bróðir mínum í Jesú nafni, honum Sigfúsi. En því er ekki að dreifa og ekki til neins að tala meira um það mál.

Sigfús Valdimarsson trúboði á Ísafirði lést fyrir nokkrum árum. Margir íslenskir sjómenn muna eftir Sigfúsi. Hann var óþreytandi við að koma Orðinu um borð í skip sem lögðust við ísfirsku bryggju:

“ En að því er snertir komu Drottins vors Jesú Krists og það, að vér söfnumst til hans, biðjum vér yður, bræður, að þér séuð ekki fljótir til að komast í uppnám eða láta hræða yður, hvorki af nokkrum anda né við orð eða bréf, sem væri það frá oss, eins og dagur Drottins væri þegar fyrir höndum. Látid engan villa yður á nokkurn hátt. Því að ekki kemur dagurinn nema fráhrarfið komi fyrst og maður syndarinnar birtist. Hann er sonur glötunarinnar. “ (2Pess: 2. 1

– 3)

6 kafli - 2 hluti

Í gegnum Norðfirsku systurnar frétti ég af reglulegum samkomum sem haldnar voru á Eyjólfsstöðum á Völlum. Um fjórtíu og fimm mínútur akstur er frá Neskaupstað til Egilsstaða. Þær sögðust hafa farið á tvær samkomur hjá þeim. Ég kannaðist lítilllega við staðin í gegnum auglýsingar frá þeim sem vikulega birtust “ Á Skjánum. “ Í Á Skjánum gat maður lesið ýmiskonar auglýsingar og skoðað sjónvarpsdagkrá vikunnar. Ákveðið var að við færum saman næsta sunnudag og kíktum á samkomu hjá þessu fólki.

“ Ungt fólk með hlutverk “ átti og rak Eyjólfsstaði. Á sinni tíð var rekinn þarna Biblíuskóli. Búið var að leggja skólann niður, minnir mig, þegar ég fékk fyrstu fregnir af staðnum.

Um klukkan 20, 00 á sunnudeginum komum við þrjú á samkomuna í bifreið sem faðir annarra stúlkunnar lánaði hópnum til fararinnar. Hátt í fjörtíu manns voru á staðnum og eftirvænting á hverju andliti. Samkoman var dálftið öðruvísi en ég átti að venjast frá Þjóðkirkjuforminu.

Friðrik Scram fór fyrir hreyfingunni Ungt fólk með hlutverk og steig hann fram eftir lofgjörðina til að flytja prédikun kvöldsins. Hreyfingin var frá fyrstu tíð í tengslum við Þjóðkirkjuna og vildi ekki slíta tengslin við sinn gamla, segjum húsbónda, heldur starfa undir honum og vera svona frjálslyndur armur innan hennar vébanda. “ Ungt fólk með hlutverk “ var því ekki sérstakur söfnuður sem slíkur og heldur ekki skráður á þann veg heldur hreyfing ungra manna og kvenna sem þráðu að sjá Þjóðina vakna af Þynirósarsvefni og játa að Jesú Kristur sé hinn eini sanni Drottinn sem hverju mannsbarni beri að hlýða og beygja sig undir sem vill virkilega eiga góða daga. “ Ungt fólk með hlutverk “ eru alþjóðleg samtök sem starfa í dag í mörgum löndum með allskonar kristilega starfsemi og líknarstörf. Þau voru stofnuð á Íslandi kringum 1974. Íslenska Kristkirkjan reis á grunni hreyfingarinnar og þau lögð niður í landinu en starfa enn erlendis.

Drottinn var sem sagt byrjaður að opna mér leið inn í þessa frjálsu söfnuði og sýna mér að til væri annað tilbeiðsluform heldur en formið sem ég þekkti. Þetta var um haustið 1993.

Í nóvember það ár sá ég auglýst mót á Eyjólfsstöðum í Á Skjánum sem mig langaði til að fara á. Mótið átti að byrja á föstudegi og standa til sunnudags. Ég hringdi á svæðið og lét skrá mig til þátttöku eftir að hafa fengið fregnir um að önnur systirin ætlaði líka að fara. Þessu hafði hún velt fyrir sér og ákvað að slá til.

Á þessum tíma stóð síldarvertíðin í fullum blóma hjá Síldarvinnslunni í Neskaupstað og oft unnið langt fram á kvöld. Ég bað um að fá að hætta um fimm leitið á föstudag til að komast heim og undirbúið mig fyrir ferðina yfir fjallið og til Eyjólfsstaða og eyða helginni með kristnu bræðrum og systur. Meiningin var að leggja í hann ekki seinna en klukkan 19,00.

Klukkan var farin að ganga í tuttugu og eitt þegar við renndum í hlað Eyjólfsstaða með sængurfatnaði og Biblíur. Albúinn að takast á við helgina og lærdóminn framundan.

Mér er minnstætt er við gengum eftir ganginum inni og komum inn í salinn að allt fólkið virtist hafa beðið eftir þessu fólki frá Neskaupstað. Þegar við svo birtumst þarna klappaði mannskapurinn fyrir okkur og bauð velkomið með þessum óvenjulega hætti, fyrir mig að minnsta kosti. Einnig er mér minnstætt þegar Friðrik Scram gekk á móti okkur og sagði við mig orð sem glöddu mig og eru mér enn í fersku minni. Það sem hann sagði var: “ Þarna kemur Gyðingur sem engin svik eru í. “

Á þessu móti lifði ég stundir sem gáfu mikið í aðra hönd. Sömuleiðis var fræðslan vel ígrunduð og frambærileg. Eigendur Eyjólfsstaða höfðu enda öðlast töluverða reynslu í að útbúa vandað kristilegt efni. Rekstur Biblíuskólans á Eyjólfsstöðum til margra ára gaf eigendum sínum vitanlega ómetanlega reynslu og þekkingu sem nýtta mátti til námskeiðahalds líku því sem ég var þátttakandi í þessa helgi í nóvember 1993. Um fimm leitið á sunnudag kom ég heim með poka minn og þjónkur.

“ Lát nú koma fram lýð þann, sem blindur er, þótt hann hafi augu, og þá menn, sem daufir eru, þótt þeir hafi eyru. Lát alla heiðingjana safnast í einn hóp og þjóðirnar koma saman. Hver af þeim getur kunngjört slíkt og látið oss heyra það, er áður er fram komið? Leiði þeir fram votta sína og færi sönnur á mál sitt, svo að menn segi, er þeir heyra það: Það er satt! En þér eruð mínir vottar, segir Drottinn, og minn þjónn, sem ég hefi útvalið, til þess að þér skylduð kannast við og trúá mér og skilja, að það er ég einn. Á undan mér hefir enginn guð verið búinn til, og eftir mig mun enginn verða til. Ég, ég er Drottinn, og enginn frelsari er til nema ég. “ (Jes: 43. 8 – 11)

Frá fyrstu hef ég verið sólgin í Orðið. Að þekkja Orðið betur og læra meira um verkin hans og hvað hann getur gert fyrir mig er eftirsóknarvert hlutskípi. Vitaskuld hefur mér gengið verkið misjafnlega og árangur breytilegur. Vitaskuld er ég bara maður sem þarf að heyja mína glímu bæði við Guð, sjálfan mig og annað fólk. Lífið er í sem fæstum orðum sögðum glíma upp á hvern dag:

“ Ég vil þekkja Krist og kraft upprisu hans og samfélag písla hans með því að mótast eftir honum í dauða hans. Mætti mér auðnast að ná til upprisunnar frá dauðum. Ekki er svo, að ég hafi þegar náð því eða sé þegar fullkominn. En ég keppi eftir því, ef ég skyldi geta höndlað það, með því að ég er höndlaður af Kristi Jesú. Bræður, ekki tel ég sjálfan mig enn hafa höndlað það. En eitt gjöri ég. Ég gleymi því, sem að baki er, en seilist eftir því, sem framundan er, og keppi þannig að markinu, til verðlaunanna á himnum, sem Guð hefur kallað oss til fyrir Krist Jesú. (Fil: 3. 10 – 14)

Eitt, að minnsta kosti, hef ég þó lært á göngunni með Jesú Kristi að hann hjálpar manni að komast í gegnum erfiðleika og óáran og gefur skilning inn í kringumstæður sem leiða til lausnar og sigurs. Málið er að þrauka og halda áfram. Ég hef og komist að raun um að gangan með Drottni er hlaðin visku sem hver maður fær fullt aðgengi að sem vill. Að Jesús fer ekki í manngreinaráli. Öllu þessu hef ég komist að. Öllum er gert jafnt undir höfði. Slík fullvissa hefur ætíð verið mér mikils virði og kennt mér margt um hjarta Guðs. Mér ber að þekkja Herra minn vel til að getað þjónað honum og verið honum góðilmur. Ég hef einnig komist að raun um að til þess að ég geti verið sáttur í þessu himneska ríki á jörð verður að koma til trú og von sem byggist á markvissum lestri og stöðugri fræðslu í Biblíunni jafnhliða verkum sem Drottinn hefur áður undirbúið og gert allt til reiðu.

Og vegna þess að maður var að mest einn með sína kristnu trú, (að undaskildum nokkra mánaða tímabili með þessum ágætu systur) var mér nauðsýnlegt að sækja fræðslu út fyrir bæjarmörk Neskaupsstaðar. Til Reykjavíkur og í samfélaganna sem buðu upp á slíka kennslu. En Drottinn stýrði gangi mínum og fór ég hvergi nema fá fyrst til mín Orðin góðu í annari Mósebók, kafla tuttugu og þrjú, versí tuttugu. Þá varð ég líka fullviss um að Drottinn var að senda mig og gat ekki annað en leitt inn blessun.

Ég talaði um það í síðasta kafla að Jesús Kristur hafi mætt mér augliti til auglitis fyrir framan altarið í Norðfjarðarkirkju. Þetta gerðist einnig síðar. Og verður nú greint frá annarri heimsókn frelsarans.

Frá sextán ára aldri hef ég verið haldin þrálátu mígreni og oft fengið slæm köst, þó verulega hafi dregið úr köstunum hin síðari ár. Og hef ég oftsinnis verið frá vinnu af þessum orsökum. Þetta gerðist 1994.

Dag einn sumarið 1994 fékk ég afskaplega slæmt mígrenikast. Verkirnir voru ekki einungis í höfðinu heldur breiddu þeir úr sér út um allan líkamann. Ég lá í rúminu og gat mig hvergi hreyft fyrir þessum verkjum sem voru svo magnaðir að svitinn spratt út um held ég hverja svitaholu á mér. Í stöðunni gat ég fátt annað gert nema notfært mér sérstöðu hins kristna manns og ákallað nafnið sem er öllum nöfnum æðra. Og þar sem ég lá þarna og gat mig hvergi hrært, orðin löðrandi af svita, skynjaði ég í anda mínum að Drottinn kom að rúminu. Hann birtist ekki bara allt í einu og stóð við rúmið mitt heldur kom hann ganagandi eftir gólfinu og að rúminu. Og þarna stóð hann drygklanga stund. Án þess samt að verkirnir hyrfu. Þeir voru jafn slæmir eftir sem áður. Drottinn sem sagt læknaði mig ekki af mígreninu (ekki þarna. Síðar gerðist það) af ástæðu sem ég hef enga hugmynd um. En hann gerði annað sem var ekki síður stórfenglegt. Eftir smá stund fór ég að finna til gleði í mínu hjarta. Þrátt fyrir aðstæður og verki líkamans sem gegntóku hverja taug hans, fann ég til gleði svo mikla að í langa stund hafði ég ekki fundið aðra eins.

Vá, maður. Hann bara stóð þarna við rúmið mitt. Ekkert orð barst af vörum hans, engin snerting, aðeins fullur friður sem kom yfir og fyllti veru mína án þess þó að verkirnir minnkuðu neitt. Ég varð að taka þá út eins og svo oft áður. Ekkert breyttist, þannig séð.

Á þessu augnabliki skynjaði ég að jafnvel á sjúkrabeði, heltekin af verkjum og vanlíða, getur Jesús gefið manneskjunni frið sem er í raun óskiljanlegur en samt raunveruleiki fyrir þann sem upplifir. Og það gerði ég svo sannarlega þó líkamlegt ásigkomulag mitt hafi talað öðru og verra máli og holdið hreinlega öskrað á lækningu og verkjatöflur.

Eftir ákveðna stund, hve langa hef ég enga hugmynd um, fór hann og ég fann ekki lengur fyrir honum. En friðurinn og gleðin fóru ekki með honum heldur dvöldu áfram hjá mér.

“ Sæll er sá er gefur gaum að bágstöddum, á mæðudeginum bjargar Drottinn honum. Drottinn varðveitir hann og lætur hann njóta lífs og sælu í landinu. Og eigi ofurselur þú hann græðgi óvina hans. Drottinn styður hann á sóttarsænginni, þegar hann er sjúkur, breytir þú beð hans í hvílurúm. Ég sagði: Ver mér náðugur, Drottinn, lækna sál mína, því að ég hefi syndgað móti þér. “ (Sálms: 41. 2 – 5)

Sem fyrr get ég ekki lýst útliti frelsarans vegna þess að ég sá hann með andlegu augum mínum. Jesús er Guðleg, andleg vera sem mætir mannum á andlegan hátt. Hver sem vill kynna Jesús með réttum hætti þarf Heilagann Anda og í gegnum hann, fyrir trú, hefur maðurinn möguleika á að mæta frelsara sínum, vini og Drottni Jesús Kristi.

Mig langar til að greina frá öðru atviki sem tengist veikindum. Í það skipti hlaut ég fulla lækningu. Líkt og oft áður á meðan ég bjó á Neskaupstað fékk ég til mín Orðið úr Mósebók sem fullvissaði mig um að ferð væri framundan. Að þetta sinni á námskeið í ranni Kristniboðssambandsins SÍK á Holtavegi í Reykjavík. Ég hafði áður fengið íbúð á vegum verkafélags á austfjörðum og var íbúðin á jarðhæð við Snorrabraut í Reykjavík. En svo illa vildi til að ég hafði einhversstaðar á leiðinni náð mér í flensu sem ég var ekki þar hrifin af að þurfa að burðast með í mínu fríi. Eins og áður sagði, þurfti ég að leggja til hliðar vikurnar á undan af kaupinu mínu til að fá sótt fræðslu í Orðinu, samkvæmt vilja Guðs. En hvað gat ég gert? Flensan ágerðist og ég sá fram á að þurfa að leggjast upp í rúm og rýra þannig langþráð frí.

Útvarpsstöðin Lindin var þá kominn til skjalanna og lék mér forvitni á að vita meira um stöðina. Ég fletti upp í símaskránni og fann símanúmerið og hringdi. Rödd með útlendum hreim svaraði og reyndist maðurinn vera Mike Fitsgerald útvarpsstjóri. Á meðan á samtalinu stóð fann ég á sjálfum mér að flensan hvarf og ég orðin alheilbrigður og kenndi mér einskis meins þegar samtalinu lauk og ég lagði símann á. Samtal okkar Mike snérist um hver stefna stöðvarinnar væri. Á veikindi mín minnsti ég ekki einu orði. En samt læknaðist ég. Þegar mér varð ljóst hvað hafði gerst hringdi ég aftur í stöðina og sagði frá lækningunni. Einu orð Mike voru: “Guð er góður.”

Hvað gerðist? Einfaldlega það að Drottinn vildi koma inn í mínar kringumstæður og bæta úr þeim til að ég fengi notið frísins sem mér hlakkaði svo mikið til að fara í og njóta kennslunnar hjá Kristniboðssambandinu. Jesús Kristur er ekki leyndardómsfullur Guð. Hann er lífið sjálft sem leysir vanda manna á farsælan hátt.

“Já, þú lýður í Sion, þú sem býr í Jerúsalem, grát þú eigi án afláts. Hann mun vissulega miskunna þér, þegar þú kallar í neyðinni, hann mun bænheyra þig, þegar hann heyrir til þín. Drottinn mun gefa yður neyðarbrauð og þrengingarvatn. En hann, sem kennir þér, mun þá eigi framar fela sig, heldur munu augu þín líta hann, og eyru þín munu heyra þessi orð kölluð á eftir þér, þá

er þér víkið til hægri handar eða vinstri: Hér er vegurinn! Farið hann! Þá munuð þér óhrein telja hin silfurlögðu skurðgoð yðar og hin gullbúnu líkneski yðar. Þú munt burt snara þeim eins og einhverri viðurstygð, þú munt segja við þau: Burt héðan.“ (Jes: 30. 19 – 22)

7 kafli - 2 hluti

Á Neskaupstað breyttist margt hjá mér sem ég vil meina að hafi verið til batnaðar fyrir mitt líf. Frá fyrstu tíð hafði bærinn góð áhrif á mig. Skapari himins og jarðar var aðilinn sem valdi fyrir mig búsetuna fyrir næstu ár. Sjálfur vildi ég búa þarna áfram og átti heldur ekki von á öðru en að dvelja lengi á staðnum. Kominn með heilt einbýlishús við rætur fjallsins til að búa í með fallegum garði í kring, trjám, syngjandi þröstum, kartöflugarði. En eftir rúm sjö ár var ég enn á ný kominn með búslóðina í pappakassa og búinn að koma henni fyrir inn í sendiferðabíl sem flutti hana á nýjan áfangastað.

Eins og fram hefur komið er þessi saga mín samantekt á þeim upplifunum sem ég hef orðið fyrir með Drottni Jesú Kristi. Það er viljandi gert að draga ekki margar persónur inn í söguna. Ekki svo að skilja að slíkt sé mér á móti skapi heldur er það bara vilji Drottins að ég segi mína sögu eins og hér er gert. Er ég enda að upphefja nafn Drottins og ekkert minna.

“ En Pétur og hinir postularnir svöruðu: Framar ber að hlýða Guði en mönnum. ” (Post: 5. 29) Drottinn er persónulegur Guð sem er þar sem ég er. Það sem bæði ég og þú upplifum í hans nafni er með honum sem hann hefur áður fyrirbúið. Um þessi samskipti mín við Jesú er ég að fjalla. Vitaskuld kemst engin hjá því að kynnast öðru fólki og eignast vin eða vinkonu sem verður hluti af lífi manns, allavega um stundarsakir sem bæði hefur áhrif á hugsanir og gerðir og jafnvel skoðanir manns. Orðið sjálf segir enda að fá Drottinn ráðið muni hann sjálfur velja vinina.

Er mín upplifun kannski svona einstök að ástæða sé til að draga hana sérstaklega fram í dagsljósið? Að sjálfsgöðu er fullgild ástæða til að koma fram og leyfa fólki að heyra hvað á daganna hefur drifið. Einkum og sérflagi á þetta við um þáttinn með Kristi. Drottinn hvetur sitt fólk eindregið til að segja vitnisburð sinn. Trúað fólk upplifir margt persónulegt í þessu sama nafni og kannski mest og stórfenglegast þegar það er einsamalt með Jesús. Og ég er nokkuð viss um eitt, að ef þú, lesandi minn, færir af stað og tækir saman þína eigin sögu með Jesú liði ekki á löngu þangað til nokkrar þéttskrifaðar A4 blaðsíður lægju að baki og þú komist að raun um ótrúlegustu upplifanir í samfélaginu við Krist í gegnum tíðina. Og þótt þú tækir aðeins valda kafla út úr þessum upplifunum með Drottni er hún samt mikil og merkileg sem aðrir þurfa að heyra um.

Við erum ennþá stödd á Neskaupstað. Árið er 1995.

“ Skurðlíkneski guða þeirra skalt þú brenna í eldi. Þú skalt eigi girnast silfrið og gullið, sem á þeim er, né taka það handa þér, svo að það verði þér eigi að tálsnöru, því að slíkt er andstyggilegt fyrir Drottni Guði þínum. Og eigi skalt þú færa andstyggilegan hlut inn í hús þitt, svo að þú fallir ekki í sama bannið, sem hann er í. Þú skalt hafa megnan viðbjóð og andstyggð á því, því að það er bannfærður hlutur. “ (5Mós: 7. 25 – 26)

Um vorið fór að berast á öldum ljósvakans fregn um að stórsveitin Rolling Stones væri á yfirreið um heimsbyggðina. Þar sem ég er af þessari kynslóð og alin upp með Bítlunum, Rolling Stones, Kings, Hljómum, Dátum og fleiri hljómsveitum og hafði lengi langað til að sjá Stónsaranna á sviði fannst mér vera tími til kominn að láta þetta nú eftir sér í þetta skipti. Á þessum tíma var verið að auglýsa ákveðinn helgarpakka á tónleikana sem fram áttu að fara í Kaupmannahöfn um sumarið. Í pakkanum var hótél, morgunmatur og vitaskuld miði á tónleikana. Gert var ráð fyrir að tugir þúsunda, jafnvel hundruð þúsundir, mundu mæta á tónleika sveitarinnar.

Ég pantaði miða og byrjaði svo að borga vikulega inn á ferðina. Eftir fáeinar vikur var ég nánast búinn að greiða ferðina upp þegar annað hljóð fór að heyrast úr strokknum. Hljóð sem orsakaði að tvö öfl togast á í mér. Hvoru aflinu átti ég að

hlýða? Því sem vildi að ég hlýddi á Rolling Stones í Kaupmannahöfn eða hinu aflinu sem bauð mér annars konar pakkaferð, ekki síður áhugaverða. En togið hélt áfram og löngun til að lifa eina helgi í gömlu borginni Kaupmannahöfn og berja Rolling Stones augum enn til staðar.

Það sem fór að toga svona óþyrmilega í mig á þessum tíma var átak sem samtök í Bandaríkjunum voru að skipuleggja og hugðust framkvæma á svipuðum tíma og Stones tónleikarnir í Kaupmannahöfn áttu að vera. Átak sem áætlanir gerður ráð fyrir að myndi breiða sig yfir gervallan heiminnog sjást í öllum löndum heims. Sem er ekki lítið verk að koma í kring. Billy Craham, hinn kunnni vakningarprédikari og liðsmenn hans, voru um það bil að hrinda úr vör alheimstrúboði sem átti að senda út með hjálp gervihnatta og móttökudiska á jörðu niðri og standa yfir í þrjá daga. Samhliða átakinu voru gefin út kennslugögn sem fólk fékk sem vildi ver með í þessu stóra átaki Billy Craham. Og í stað þess að láta gamlan draum rætast um að sjá Rolling Stones á tónleikum ákvað ég að venda kvæði mínu í kross og læra meira um Jesú Krist gegnum átak guðsmannsins Billy Crahams. Öflin sem áður toguðust á innra með mér sem sögðu mér annars vegar að fara, og hins vegar að vera, voru ekki lengur að slást heldur varð Kristur yfirsterkari í mér og trú mín sigrað freistinguna. Guði sé lof.

Ég fór á ferðaskrifstofuna og tilkynnti yfir afgreiðsluborðið að ég væri hættur við ferðina og vildi fá farareyrinn endurgreiddan. Stúlkan sem bókaði mig sagðist því miður ekki getað endurgreitt mér nema hluta upphæðarinnar og væri svona almenna reglan um endurgreiðslur farseðla. Og var ekki um annað að ræða heldur en að taka niðurstöðunni með æðruleysi.

Tíminn leið og undirbúningurinn fyrir átakið hélt áfram.

Nokkur samfélög í borginni tóku sig saman um að gera þetta alheimsátak Craham-samtakanna mögulegt og var ákveðið að vera með kennslustundirnar í húsi K.F.U.M og K við Holtavegin í Reykjavík og lokastundina, sem var bein útsending, í Framheimilinu í Reykjavík. Aðrar sendingar voru teknar upp á myndbandsspólur vegna tímamunar þar og hér og sýndar í sal K.F.U.M og K. Og fóru þær fram frá átta þrjátíu

á morgnanna og stóðu fram eftir á kvöldi, með stuttum hléum. Kennslugögnin var búið að þýða yfir á íslensku.

Þetta var í annað skipti sem samtök Billy Crahams efndu til alheimstrúboðs gegnum sjónvarpshnetti sem Íslendingar voru með í. Hið fyrra var árið 1993.

Ég notaði hluta af sumarleyfinu til að taka þátt og var búinn að undirbúa mig vel áður og meðal annars leigði ég mér Verkalýðsíbúð í Sólheimunum. Aðeins nokkra mínútna gangur var á milli. Drottinn sér um sína. Sjálfur hafði ég enga hugmynd um hvar í Reykjavík Sólheimarnir voru og bjóst allt eins við því að þurfa að fara á milli í strætisvagni. Drottinn segir mér líka að hafa engar áhyggjur. Allt verði til reiðu á staðnum. Eina sem ég þurfti raunverulega að gera eftir að í bæinn kom var að setjast í mitt sæti og háma í mig kræsingarnar á Holtaveginum. Sem ekki voru litlar.

Til gamans set ég hér með að hluti af farangrinum gleymdist á flugvellingum á Egilsstöðum sem kom sér afar illa vegna þess að allt sem ég hugðist nota á námskeiðinu var í töskunni sem varð eftir. Sjálfur tók ég ekki eftir þessu fyrr en var kominn í íbúðinni í Sólheimunum. Strax og mér varð ljóst hvað hafði gerst hringdi ég á flugvöllinn í Reykjavík og lét vita. Allt gekk málið upp. Seint um kvöldið hringdi dyrasíminn í Sólheimunum og maður frá flugvellingum kom hlaupandi upp stigann og færði mér lafmóður umrædda tösku og baðst mikillega afsökunar á þessum leiðu mistökum. Enn og aftur varð ég vitni að því að Drottinn sér um sína.

“ Enginn getur þjónað tveimur herrum. Annaðhvort hatar hann annan og elskar hinn eða þýðist annan og afrækir hinn. Þér getið ekki þjónað Guði og mammón. Því segi ég yður: Verið ekki áhyggjufullir um líf yðar, hvað þér eigið að eta eða drekka, né heldur um líkama yðar, hverju þér eigið að klæðast. Er lífið ekki meira en fæðan og líkaminn meira en klæðin? Lítið til fugla himinsins. Hvorki sá þeir né uppskera né safna í hlöður og faðir yðar himneskur fæðir þá. Eruð þér ekki miklu fremri þeim? Og hver yðar getur með áhyggjum aukið einni spönn við aldur sinn? “

(Matt :6. 24 – 27)

Stóri salurinn á Holtaveginum var líkastur kennslustofu. Búið var að raða upp borðum sem mynduðu nokkrar raðir á gólfinu og komust tveir að við hvert borð. Ofarlega á vegnum, við hliðina á sviðinu, hékk risastórt tjald sem gerði fólkinu kleyft að fylgjast með stundunum. Allt var túlkað yfir á Íslensku. Fjöldi manns var mætt þegar ég kom í húsið og sátu sumir við borðin og bogruðu yfir bókum og blöðum. Ég settist við eitt borðið og reyndist sessunautur minn tilheyra Hjalpræðishernum í Reykjavík. Ljósín í salnum voru deyfð og stundin hófst. Andlit miðaldra manns birtist á skjánum, sem ég kannaðist ekki við. Maðurinn talaði um Guð og mátt hans og megin. Skrjáf heyrðist í blöðum og menn og konur um allan sal að skrifa. Stundirnar voru í einu orði sagt stórfenglegar og hefði ég ekki viljað missa af neinni þeirra.

“ Rolling Stones hvað? “ – hugsaði ég með sjálfum mér þar sem ég sat inni í rökkvuðum salnum og nam öll orðin sem bárust mér til eyrna frá stóra tjaldinu og túlknum.

Þarna komst ég að raun um að hinn lítilláti Jesú Kristur sem gekk hér um og auðsýndi öllu fólki kærleika og virðingu er margfalt stærri og merkilegri en allar stórstjörnur heimsins samanlagðar.

Vá, maður! Allt sem þaut í gegnum huga minn á þessum stundum í stóra salnum í húsi K.F.U.M. og K. og Kristniboðssambandsins á Holtaveginum eru efni í heila bók og allar blessanirnar og lærdómurinn og annað sem gerðist þarna efni í aðra skruddu.

Lokadagurinn rann upp, sem var sunnudagur. Klukkan tuttugu um kvöldið átti að fara fram bein útsending frá lokasamkomu átaksins og var áætlað að Billy Craham (minnir mig) prédikaði það kvöld.

Þessi liður gerðist í Fram-heimilinu í Reykjavík. En mig minnti að stundin ætti að vera á öðrum stað í bænum og tók því strætisvagn þangað. Er ég kom á staðin fannst mér það vera skrítið að engin umferð væri við húsið, líkt og búast mátti við þegar klukkan var að verða átta og útsendingin að hefjast. Maður sem ég hitti á gangi kannaðist ekki við neitt og varð úr að ég hringdi á leigubíl sem áreiðanlega vissi hvar

umrædd stund átti að vera. En leigubílsstjórinn hafði ekki heyrt minnst á þetta átak Billy Crahams og kom eins og hinn maðurinn af fjöllum. Að endingu hringdi bílstjórinn á stöðina og eftir nokkra leit fannst þar manneskja sem þekkti málið og gat leiðbeint okkur. Eftir það voru heimatökin hæg og komst ég tímanlega í hús. Drottinn var enn með í ferð og enn að kenna mér og sýna hluti sem áður voru mér huldur varðandi áhugaleysi hins trúlausa manns á stórviðburðum Drottins. Slíkur viðburður kallar á gríðarlega vinnu margra handa, gott skipulag, aga og reglusemi til að allt gangi fyrir sig eins og smurð vél. Samt voru á þessum tíma margir í henni Reykjavík sem höfðu enga hugmynd um hvað var í gangi.

Vinir! Trúin er ekki allra.

Í Fram-heimilinu voru sex til átta hundruð manneskjur þegar ég kom. Sem ekki fór þó mikið fyrir inn í stórrí byggingunni. Búið var að koma fyrir stólum í tveim röðum með gang á milli raðanna. Tveir stórir sjónvarpsskjáir héngu í loftinu. Allt var tilbúið til að taka á móti merkinu frá gervihnettinum sem sendi myndefnið beint frá öðrum stað á jörðinni. Klukkan tuttugu var dregið niður í ljósunum í salnum og útsendingar hófust. Eftir að prédikarinn hafði lokið ræði sinni bauð hann, eins og líka er venja á samkomum Billy Crahams. Fjöldi manns steig fram og var ég á meðal þeirra. Stundin var stórkostleg og hafði ég ekki áður lifað neitt þessu líkt. Stundin í Fram-heimilinu var svona punkturinn yfir i-ið. Mér er það minnstætt þar sem ég stóð fyrir framan skjáinn, ásamt öðrum sem þar voru, hve nærvera Drottins var mikil. Manni fannst Drottinn vera í hverri blóðfrumu líkamans, yfir og allt um kring. Maður sá bæði stælt og sterka karlmenn gráta og sömuleiðis konur, fólk faðmast, hlæja og sýna allskonar önnur tilfinningaleg viðbrögð sem menn gera ekki undir öðrum kringumstæðum.

“ Hverjum þykist spámaðurinn vera að kenna visku og hvern ætlar hann að fræða með boðskap sínum? Erum vér nývandir af mjólkinni og nýteknir af brjóstunum? Alltaf að skipa og skipa, skipa og skipa skamma og skamma, skamma og skamma ýmist þetta, ýmist hitt. Já, með stamandi vörum og

annarlegri tungu mun hann láta tala til þessarar þjóðar, hann sem sagði við þá: Þetta er hvíldin ljáið hinum þreytta hvíld! Hér er hvíldarstaður. En þeir vildu ekki heyra. Fyrir því mun orð Drottins láta svo í eyrum þeirra: Skipa og skipa, skipa og skipa skamma og skamma, skamma og skamma ýmist þetta, ýmist hitt, að þeir steypist aftur á bak og beinbrotni, festist í snörinni og verði teknir. “
(Jes: 28. 9 – 13)

Allmargir fyrirbiðjendur voru á vappi innanum þá sem gengu fram að altarinu og var búið að koma fyrir stólum til hliðar sem meiningin var að fólkið settist til að biðja fyrir því. Ég stóð bara þarna með lokuð augun og naut þess að vera í hinni stórfenglegu nærveru Drottins og skeytti ekkert um hvað var að gerast í kringum mig. Þegar ég loks opnaði augun og leit upp var ég orðin einsamall á sviðinu og ásamt fyrirbiðjandanum sem beið eftir að getað beðið fyrir mér. En ég fór hvergi heldur dvaldi áfram í þessari undursamlegu nærveru á staðnum. Eftir smá stund hnippi konu greyið í mig og bað mig um að yfirgefa sviðið og setjast til að hún gæti sinnt sínu starfi og veitt mér mína fyrirbæn: “ Það er svo asnalegt að standa hér þegar allir aðrir eru farnir burt. “ - svo ég noti hennar eigin orð á þessu augnabliki. Þá lét ég tilleiðast og settist. En sannast sagna langaði mig ekkert til að fara heldur að dvelja áfram í hinni stórfenglegu nærveru Jesú Krists sem lukti um mig ofan og neðan í bland við lofgjörðartónlistina sem barst um salinn og smaug um hvern afkima sálar og anda, liðamóta og mergjar. Orð blessaðrar konunnar voru að mér fannst truflun. En gat samt vel skilið afstöðu hennar. Að vera einn með Guði sínum er ekki á allra færi að skilja. Á slíkum stundum útilokar maðurinn sig frá umhverfinu og lofar sinn Drottinn með hjartanu. Ég og Guð saman var hið eina sem skipti máli á þessu andartaki þarna í Fram- heimilinu:

“ Ég er hinn sanni vínviður, og faðir minn er vínyrkinn. Hverja þá grein á mér, sem ber ekki ávöxt, sníður hann af, og hverja þá, sem ávöxt ber, hreinsar hann, svo að hún beri meiri ávöxt. Þér eruð þegar hreinir vegna orðsins, sem ég hef talað til yðar. Verið í mér, þá verð ég í yður. Eins og greinin getur ekki borið ávöxt af sjálfri sér, nema hún sé á vínviðnum, eins getið þér ekki heldur borið ávöxt, nema þér séuð í mér. Ég er vínviðurinn, þér eruð greinarnar. Sá ber

mikinn ávöxt, sem er í mér og ég í honum, en án mín getið þér alls ekkert gjört.
“

(Jóh: 15. 1 – 5)

Sannarlega blessaði Drottinn mína ákvörðun þegar ég valdi hann fram yfir heiminn og lét skrá mig í umrætt námskeið. Öll blessunin sem féll í minn hlut yfir þessa helgi árið 1995 var ekkert annað en frá Drottni kominn sem þannig vildi sýna mér kærleika sinn í verki og hvers hann sé megnugur og hvað hann geti veitt sínu fólki sem leitar til hans. Gæði Jesú Krists eru margfalt meiri gæðum heimsins. Heimurinn getur ekki keppt við Drottinn. Hann hefur enga burði í sjálfum sér. Þessi helgi með Drottni er á við minnst tvö hundruð Rolling Stones hljómleika í röð. Raunverulega er ekki hægt að bera þessa tvo hluti saman. Yfirburðir Jesú Krists er slíkir og raunverulega ómælanlegir.

“ En Jesús hrópaði: Sá sem trúir á mig, trúir ekki á mig, heldur þann sem sendi mig, og sá sem sér mig, sér þann er sendi mig. Ég er ljós í heiminn komið, svo að enginn, sem á mig trúir, sé áfram í myrkri. Ef nokkur heyrir orð mín og gætir þeirra ekki, þá dæmi ég hann ekki. Ég er ekki kominn til að dæma heiminn, heldur til að frelsa heiminn. Sá sem hafnar mér og tekur ekki við orðum mínum, hefur sinn dómara: Orðið, sem ég hef talað, verður dómari hans á efsta degi. “ (Jóh: 12. 44 – 48)

8 Kafli - 3 hluti

Trúboð Billy Crahams í genum gervihnött hafði mikil áhrif. Maður upplifði Jesú með sérstökum hætti í mínu lífi og er vitaskuld svarið við því hví þessi atburður lifir svo góðu lífi í minningunni. Svona er Jesú og í hvert sinn sem hann mætir fólki að þá gleymist stundin ekki. Eitthvað innra með því minnir það stöðuglega á sem verður til þess að gleðin vaknar á nýjan leik og löngunin til að upplifa fleiri slíkar stundir með Jesú vex og eflist. Jesús er aðilinn sem viðheldur hinu góða og gefur áframhaldandi löngun og vilja til að fá meira af honum fyrir sig sjálfan. Sjálfur mun hann sýna hvernig hægt sé að rækta þetta samband og gera nánara. Jesús Kristur er lækur lifandi vatns sem stöðulega rennur ferskur hjá og endurnýjast. Vatnið sem rann í gær er ekki sama vatn sem rennur í Jesú í dag. Andinn nærast á Orðinu, bæninni og þegar ég er gjörandi Orðsins, en líkaminn á veraldlegri fæðu. Þarna brestur mörgum visku með því að fólk nærir bara annan þáttinn, líkamann en undanskilur oft andlega manninn.

“ Með því að brýna þetta fyrir bræðrunum, munt þú verða góður þjónn Krists Jesú, nærður af orði trúarinnar og góðu kenningarinnar, sem þú hefur fylgt. En hafna þú vanheilögum kerlingaævintýrum, og æf sjálfan þig í guðhræðslu. Líkamleg æfing er nytsamleg í sumu, en guðhræðslan er til allra hluta nytsamleg og hefur fyrirheit bæði fyrir þetta líf og hið komanda. Það orð er satt og í alla staði þess vert, að við því sé tekið. Þess vegna leggjum vér á oss erfiði og þreytum stríð, því að vér höfum fest von vora á lifanda Guði, sem er frelsari allra manna, einkum trúaðra. Bjóð þú þetta og kenn það. (1Tím: 4. 6 – 11)

Áfram með frásöguna.

Um haustið 1995 var ég að hlusta á útvarpsstöðina Bylgjuna á þátt sem Sir Paul Mc Cartney, fyrrum Bítill, útbjó og sendi útvarpsstöðvum víða um heim til spilunnar. Þáttur Pauls var klukkutíma langur. Í samtali við Mc Cartney kom fram að hann hafi lengi langað til að gera svona útvarpsþátt og rekja sögu laganna. Þættirnir voru svo spilaðir á Bylgjunni í fáeina mánuði og nutu vinsælda.

Eftir samtalið við hann kviknaði hjá mér löngun til að gera slíkt hið sama og ég hugsaði með sjálfum mér: “ Hví ekki að láta reyna á hvort maður geti ekki útbúið efni á hljóðsnældum og fengið það birt á kristilegu útvarpsstöðinni Lindinni? “ Önnur

leið en þessi var ekki tiltæk hjá manni sem vildi gera kristilegt útvarpsefni. Hinar stöðvarnar birta ekki slíkt efni nema í afar takmarkað. Ég fann að Drottinn var að kveikja nýtt við sem hann vildi að ég sinnti.

Næsta í málinu var að ég tók fram Símaskrána, fletti upp í bókinni og fann símanúmer Lindarinnar, hringdi þangað og bað um að fá að tala við dagskrárstjóra eða útvarpstjóra. Eftir dálitla bið kom rödd í símann. Þá fékk ég mitt tækifæri til að útlista fyrir manningnum hugmynd mína um þátt. Útvarpsstjórinn (minnir mig) tók máli mínu vel og sagði mér að senda þeim fullbúinn þátt sem þeir skyldu kíkja á. “ Jæja Drottinn minn. Út í hvað ertu núna að ýta mér? “ - sagði ég þá við Drottinn.

Á þessum tíma átti ég allgott kassettutæki, mixer prýðilegan hljóðnema, geislaspilara, plötuspilara, fáeina kristilega geisladiska og kassettur. Eina sem mig skorti var fótur og statíf fyrir hljóðnemann. Fljótlega hófust upptökur á kynningarefninu. Strax fann ég að hönd Drottins var yfir og hann með í verki. Hann sýndi mér áður en ég fór af stað hvernig þátturinn ætti að vera upp byggður. Ég átti að vera með stutta uppskrifaða pistla og lesa beint upp úr Biblíunni og útlista ritningartextanna á eftir og nota tónlistina sem uppfyllingarefni. Til útvarpsþáttargerðar þekkti ég ekkert. Eina sem ég hafði til viðmiðunnar var stutt hlustun mín á kristilegu útvarpstöðina Lindina á meðan ég dvaldi í borginni. En verkið gerði mig spenntan.

Vá, maður, hvað ég bað á þessum tíma. Sannarlega þurfti ég á styrk að halda frá Herra mínum á himnum. Drottinn notar oft ólíklegustu aðferðir til að ná eyrum sinna manna. Í mínu tilviki Sir Paul Mc Cartney sem um tíma var með þátt á íslensku útvarpsstöðinni Bylgjunni, sem margir muna eflaust eftir. Eru Guðs vegir enda ekki mínir vegir og hans hugsanir ekki mínar hugsanir.

“ Þegar Davíð konungur kom til Bahúrím, kom þaðan maður af kynþætti Sáls, sem Símeí hét, Gerason. Hann kom bölvandi og ragnandi og kastaði steinum að Davíð og öllum þjónum Davíðs konungs, en allt fólkíð og allir kapparnir gengu til hægri og vinstri hliðar honum. En Símeí komst svo að orði í formælingum sínum: Burt, burt, blóðhundurinn og hrakmennið! Nú lætur Drottinn þér í koll koma allt blóð ættar Sáls, í hvers stað þú ert konungur orðinn, og Drottinn

hefir gefið konungdóminn í hendur Absalon syni þínum, og nú er ógæfan yfir þig komin, af því að þú ert blóðhundur. Þá mælti Abísái Serújason við konung: Hví skal þessi dauði hundur formæla mínum herra konunginum? Lát mig fara og stýfa af honum hausinn. En konungur svaraði: Hvað hefi ég saman við yður að sælda, Serújusynir? Ef hann formælir og ef Drottinn hefir sagt honum: Formæl Davíð! hver vogar þá að segja: Hví gjörir þú þetta? (2Sam: 16. 5 – 10)

Þegar ég hafði lokið við að raða tækjunum í kringum mig og sestur í stólinn og hafði tekið mér hljóðnemann þéttingsfast í hönd og hóf upptöku. Hver þáttur tók klukkustund en vinnan við þá nokkra klukku tíma. Ég hóf þær gjarnan um hálf tíu á sunnudags morgnum og þeim lauk vanalega ekki fyrr en um kl. 17,00 sama dag. En vegna vinnu minnar voru sunnudagarnir einu stundirnar sem ég gat notað fyrir svona “ fokk. ” Mikið var að gera í vinnunni á þessum tíma og gjarnan unnið sex daga vikunnar.

Eftir að minn fyrsti útvarpsþáttur var fullgerður og ég sjálfur orðin tiltölulega sáttur við útkomuna setti ég kassettna með þættinum í umslag og sendi á Lindina. Og mér létti þegar ég talaði við Lindarfólk annað sinn og það gaf jáyrði sitt fyrir áframhaldandi þáttargerð. Ég sá því mitt óvænta og hélt mínu striki og vann þættina eins og áður hefur verið lýst.

Vel má halda því fram að allur texti sem fluttur var í þessum þáttum hafi verið upp skrifaður fyrirfram, án þess að það hafi þó verið raunin. Allar útlekkingar mínar á Heilagri ritningu fór ég með munnlega og lagaði orðin svo til í munnni mínum þangað til textinn var orðin fullmótaður og ég fær um að flytja hann utanbókar. Þá, en ekki fyrr, setti ég segulbandið í gang og flutti orðin yfir á snælduna. Sannleikurinn er sá að frá fyrstu tíð lagði ég mikla vinnu á mig til að efnið yrði sem best úr garði gert og tók það alvarlega sem ég fékkst við og hef gert æ síðan. Heilindi bjuggu að baki verkinu. Og til hvers að vera með fúsk á hlutunum þegar menn hafa aðgang að mesta og besta skipuleggjanda og hönnuði sem völ er á í öllum heiminum, sem þráir að fá að gera hlutina með manni, sem þekkir allar bestu leiðirnar að markinu, og maður hefur sjálfur fengið að upplifa að klikkar ekki. Sama hvernig fer og snýst í kringum mann.

Vitaskuld ber manni að leita til viskunnar. Hyggindi eru falin í slíkri breytni manna. Og hann heitir Jesú. Ekki satt?

Í allmarga sunnudaga, (eftir að fyrsta þættinum lauk) settist ég á sama stað í stofunni heima, með sömu tæki í kringum mig, og tók við mínar aðstæður upp hvern þáttinn eftir annan og gaf hverjum þeirra góðan tíma. Nafnið sem ég valdi var: “ Kristnar Hugvekjur. “ Fullgert sendi ég efnið áfram til Lindarinnar án þess að grennslast neitt meira fyrir um afdrif þáttanna. Sjálfur heyrði ég ekkert af þessu efni í útvarpinu og hef ekki ennþá gert.

Svo ég ljúki þessum lið umfjöllunarinnar að þá gerðist það dag einn að síminn heima hjá mér hringdi. Þannig háttaði þá til að ég var akkúrat staddur í mat og matartímanum um það bil að ljúka þegar síminn gellur. Ég var orðinn dálítið seinn fyrir og þurfti að ná rútunni sem flutti fólkið á vinnustaðinn á tilteknum tíma og stað. Þangað var nokkra mínútna gangur frá heimili mínu. En í því sem ég geng fram hjá símanum á leiðinni út hringir hann. Ég greip tólið og reyndist maðurinn á hinum endanum vera frá Lindinni og tilkynnti mér að vegna breytinga á stöðinni og nýjum tækjabúnaði sem yki hljómgæði stöðvarinnar verulega hafi verið ákveðið að hætta að mestu að nota kassettur við útsendinguna. Og var ég jafnframt beðinn um að stöðva sendingar mínar til þeirra og taka mér pásu. Vegna þess hve ég var í mikilli tímapressu akkúrat á þessu augnabliki hafði ég sem vonlegt var ekki mikinn tíma aflögu til að spjalla við þessa manneskju og sagði því, kannski óþarflega hryssingslega: „ Flott, þá bara hættum við þessu. “ - eða eitthvað í þessum dúr og lagði svo símtólið á og þaut út. Og rétt náði bílnum. Til að geta gert “ Kristnar Hugvekjur “ eins og vildi hafa þær bar mér skilda til að kafa dýpra ofan í Biblíuna til að vera betur í stakk búinn að flytja efnið með skilningi og á uppbyggjandi hátt og skoða hluti í kringum mig út frá Orðinu. Þættirnir hvöttu mig til dáða að þessu leiti og juku víðsýnina í Jesú nafni og - það sem er mikilvægt - gáfu mér djörfung er maður upplifði að maður gat ýmislegt gert.

Ég lít svo á að þessir þættir hafi verið svona fyrsta alvöru verk mitt á akri Jesú Krists og það sem sannfærði mig um að í Drottni sé manningu ekkert ómögulegt heldur eru sigrar faldir í þessu sama nafni. Biblían segir sjálf að Drottinn fari ekki í

manngreinarálit og gefi hverjum sem biður hann átölulaust. Nefnd símahringing frá Lindinni átti sér stað um haustið eða veturinn 1996. Vinna mín við þættina var góð kennsla á göngunni og mikil hvatning til að halda áfram. Guð er góður. “ Verið gerendur Orðsins. “ – segir Orðið.

Þegar hér er komið sögunnar var ég enn fluttur og kominn með nýtt heimilisfang. Húsnæðið sem ég flutti inn í var á Blómsturvöllum 1 í Neskaupstað. Þessa húseign hafði ég fest kaup á nokkrum vikum áður. Engin áform voru uppi hjá mér önnur en að búa áfram á staðnum og stunda þá vinnu sem ég var fastráðin í.

Þegar ljóst varð að þættirnir yrðu ekki fleiri í bili fór ég samt að huga að nýjum tækjakaupum og endurnýja þau sem fyrir voru. Ég var kominn á bragðið og ekki alveg tilbúinn til að sleppa þessu frá mér baráttulaust og án þess að gera aðra tilraun. Ég vissi að trúboð gegnum talmiðlana var eitthvað sem Drottinn vildi að ég hugði að og aflaði mér aukinnar þekkingar á. Ég fór því á stúfanna til að skoða tæki og tól til upptöku. Leitin endaði á Egilsstöðum. Þar fann ég umboðsmann Qelle. Hann sagði mér frá hentugu tæki sem áreiðanlega gagnaðist mér best fyrir það sem ég hugðist gera. Tækið var af gerðinni Sony, og notaði minidiska. Af myndum að dæma leit dæmið spennandi út. Og þarna á staðnum gerði ég pöntun, þrátt fyrir að tækið væri í dýrari kantinum. Premur vikum síðar var ég kominn með Sony- spilarann í hús. Þá fyrst var hægt að læra á tækið. Í millitíðinni hafði ég eignast betri mixer og búinn að koma mér upp fæti fyrir hljóðnemann minn. Fóturinn var kútskaft sem var skrufaður ofan í gat á þykkri viðarplötu. Yfir skaftið var smeygt fimmtíu sentímetra löngum armi sem hægt var að færa upp og niður eftir skaftinu. Hallinn sem myndaðist þegar arminum var sleppt hélt honum kyrrrum hvar sem maður vildi hafa arminn á skaftinu. Einföld heimasníðuð lausn sem fyllilega skilaði sínum árangri. Drottinn er með oss í öllum kringumstæðum og hann hjálpar hvenær sem við viljum láta hugarflugið leysa vandan og kemur með bestu lausnirnar. Sama skaft brúkaði ég svo við að sópa og skúra gólfín Blómsturvöllum 1. Nýtingin á einu kútskafti var sem sjá má allgóð.

Eins og fram hefur komið hef ég haft ástríðuþrungna löngun í mínu hjarta til að koma Orði Guðs út til fólksins og bið Drottinn sífellt um að gefa mér færa leið að þessa

marki. Þá fór ég að heyra í Drottni sem sagði mér að búa til sjö þætti og senda á stóru útvarpsstöðvarnar og freista þess að fá þá spilaða þar. Þetta var árið 1997. Ég settist því við skriftir í frítímanum og samdi fjöldann allan af ræðum og pistlum. Ákveðin í að gera allt eins og vel úr garði og mögulegt væri. Að skrifa allt á blað var val mitt. Ég þekkti sjálfan mig nógu vel til að vita að ég gæti sprungið á limminu í miðjum klíðum. Einnig vissi ég að ég átti erfitt með að halda þræði fyrir framan hljóðnema nema í stutta stund án hjálpartækis. Eina ráðið var því lesa uppskrifaðan texta. Og svona vann ég þessa sjö þætti sem Drottinn hafði beðið mig um að gera. Þættina skírði ég: “ Trúið á Krist. “

Þegar verkið kláraðist í júlí 1997 vissi ég hvert ég átti að senda það. Á Rás 1 og athuga með áhuga þeirra efninu. Það sem einkum vakti fyrir mér með gerð þáttanna var að koma þessu kristilega efni inn á stóru útvarpsstöðvarnar sem heyrast hringinn í kringum landið og reyna á þann hátt að ná til hinna trúuðu sem ég vissi og veit að búa í dreifðum byggðum landsbyggðarinnar og eru einir með sína kristnu trú, til að þetta fólk fengi eitthvað efni við sitt hæfi og gleddi hjartað. Sjálfur hafði ég lengi þráð að heyra vandað kristilegt efni á útvarpsstöðvunum sem þær sem maður náði á Neskaupstað uppfylltu ekki. Þótt nóg sé spekúlerað og þælt á ljósvakamiðlunum á Orðið samt undir högg að sækja og þykir ekki söluvænlegt.

17 júlí 1997 kom ég minidiskunum sjö fyrir í stóru umslagi og merkti það Ríkisútvarpinu. Nokkrum dögum síðar kom höfnun frá stofnunni. Þá skipti ég um umslag og sendi pakkann til Bylgjunnar, á dagskrárdeildina á þeim bæ. Eftir þriggja vikna bið hringdi ég á Bylgjuna. Dagskrástjórinn hafði ekki enn opnað pakkann rá mér og þekkti því ekki innihaldið. En gat þess við mig að Bylgjan sæi sjálf um alla dagskrárgerð og að kristilegt efni væri ekki á dagskrá. Að sinni. Efnið hafnaði því aftur hjá mér ónotað.

Ég settist ég niður með litlu diskanna mína í kjöltunni og fór að velta því fyrir mér hví stöðvarnar neituðu að birta efnið sem mér sjálfum fannst vera ágætt og snyrtilega gert og unnið, og var svona að leyfa hugsununum að draga mig niður. Þá skyndilega fékk ég til mín orð. Þessi: “ Ástæðan er ekki sú að efnið sé svona lélegt og ekki nógu gott, og það er ekki verið að hafna þér heldur mér. Það er mitt Orð sem þessar

stöðvar kæra sig ekki um að flytja fólkinu.” Þetta voru skilaboðinn sem ég fékk frá hásæti Herrans þar sem ég sat og hugsaði margt. Drottinn sagði meira: “Með þessu vildi ég líka sýna þér hve erfitt er fyrir mig að komast að með mitt Orð.” Og þennan sannleika hef ég oft rekið mig á og séð með eigin augum að Orð Guðs á ekki alltaf upp á pallborð þessarar þjóðar. Munum að Guð notar fólk til að flytja sitt efni og stundum hafnar fólk öðru fólk. Líka kirkjunnar fólk. En skilaboðinn hugguðu mig mikillega og sannfærðu mig um að það sem ég gerði var í Jesú nafni og því gott og gilt. Þetta sjö þátta efni sem ég útbjó heima á Blómsturvöllunum í júlímánuði árið 1997 birtist því ekki opinberlega og er glatað í dag. Búningurinn veitti mér hins vegar gleði, líkt og ævinlega gerist þegar unnið er í nafni Jesú Krists frá Nasaret.

“Ég fór þangað eftir opinberun og lagði fram fyrir þá fagnaðarerindið, sem ég prédika meðal heiðingjanna. Ég lagði það einslega fyrir þá, sem í álitinu voru; það mátti eigi henda, að ég hlýpi og hefði hlaupið til einskis. En ekki var einu sinni Títus, sem með mér var og var grískur maður, neyddur til að láta umskerast. Það hefði þá verið fyrir tilverknað falsbræðranna, er illu heilli hafði verið hleypt inn og laumast höfðu inn til að njósna um frelsi vort, það er vér höfum í Kristi Jesú, til þess að þeir gætu hneppt oss í þrældóm. Undan þeim létum vér ekki einu sinni eitt andartak, til þess að sannleiki fagnaðarerindisins skyldi haldast við hjá yður. (Gal: 2. 2 – 5)

9 kafli - 3 hluti.

Brjótum frásöguna örlítið upp. Mig langar til að draga upp þrjár myndir. Þessar þrjár myndir tengjast allar fólk sem er ekki lengur meðal okkar sem mér finnst samt rétt að hafa með í þessari samantekt minni. Ég er ekki að fara með þig á miðilsfund og leita fréttu af framliðnum:

“Þegar þú kemur inn í landið, sem Drottinn Guð þinn gefur þér, þá skalt þú ekki taka upp svívirðingar þessara þjóða. Eigi skal nokkur finnast hjá þér, sá er láti son sinn eða dóttur ganga gegnum eldinn, eða sá er fari með galdur eða spár eða fjölkynngi, eða töframaður eða gjörningamaður eða særingamaður eða

spásagnamaður eða sá er leiti fréttu af framliðnum. Því að hver sá, er slíkt gjörir, er Drottni andstyggilegur, og fyrir slíkar svívirðingar rekur Drottinn Guð þinn þá burt undan þér. Þú skalt vera grandvar gagnvart Drottni Guði þínum.

“ (5Mós: 18. 9 – 13)

Framar í þessari samantekt kemur fyrir nafn Ragnars Konráðssonar, föðurbróður míns. Ég hafði gott samband við hann eftir að ég flutti austur, þótt samskiptin vitaskuld hafi orðið minni eftir flutningana sökum fjarlægðarinnar. Í hvert sinn sem ég flaug suður vitjaði ég hans ávallt. Á ákveðnum tímamarki í sínu lífi seldi Ragnar íbúðina sem hann eignaðist í gamla hverfinu í Reykjavík og fluttist alkominn á elliheimilið Grund við Hringbraut. Í mörg ár hafði Ragnar verið heilsuveill maður og kenndi sér lengi meins í lungum og fór heilsu hans hrakandi.

Líkt og áður segir kom ég sjaldan suður á þessum árum fyrir austan og aldrei nema til að fræðast meira um Orðið og kynnast Jesú betur í gegnum námskeiðin sem voru haldin á Holtaveginum.

Dag einn síðla sumars fóru að koma til mín hugsanir um að bregða mér stutta ferð í borgina. Til hvers vissi ég ekki. Mér var ekki kunnugt um námskeið á þessum tíma og hafði heldur engar auglýsingar fundið þess efnis og hafði sjálfur enginn áform uppi um að bregða mér af bæ. En þessi hugsun lét mig ekki í friði og varð það úr að ég pantaði flugfar til Reykjavíkur og gat jafnframt útvegað mér íbúð í vikutíma hjá Verkalýðsfélagi Norðfjarðar, sem ég var félagsmaður í á þessum tíma. En þeir voru með íbúð á Seltjarnarnesi.

Þegar ég kom suður skrapp ég í heimsókn á Grund og hitti Ragnar. Það verð ég að viðurkenn að mér brá dálítið þegar ég sá hann. Hann var í hjólastól og af öllu mátti ráða að líkami hans var þrotin af kröftum. Líkaminn hafði ekki lengur orku í að bera manninn heldur neyddist hann til að fara ferða sinna í hjólastól og láta aðra manneskju aka sér. Eitt sá ég að þrátt fyrir sín veikindi logaði eldur trúarinnar í augum mannsins. Þar sáust engin merki hrörnunar. Augun voru full af lífi Jesú Krists, kærleika hans og meðaumkun. “Drottinn minn! Hver er sem þú?”

Við spjölluðum margt saman um trú og Drottinn Jesú Krist. Áðu en við kvöddumst það Ragnar mig um að lesa fyrir sig Sálmu sem hann sagði að talaði mikið til sín um þær mundir. Sálmurinn er 16 Davíðsálmur:

“ Davíðs-miktam. Varðveit mig, Guð, því að hjá þér leita ég hælis. Ég segi við Drottin: Þú ert Drottinn minn, ég á engin gæði nema þig. Á hinum heilögu sem í landinu eru og hinum dýrlegu á þeim hefi ég alla mína velþóknun. Miklar eru þjáningar þeirra, er kjörið hafa sér annan guð. Ég vil eigi dreypa þeirra blóðugu dreypifórnum og eigi taka nöfn þeirra mér á varir. Drottinn er hlutskipti mitt og minn afmældi bikar; þú heldur uppi hlut mínum. Mér féllu að erfðahlut indælir staðir, og arfleifð mín líkar mér vel. Ég lofa Drottin, er mér hefir ráð gefið, jafnvel um nætur er ég áminntur hið innra. Ég hefi Drottin ætíð fyrir augum, þegar hann er mér til hægri handar, skriðnar mér ekki fótur. Fyrir því fagnar hjarta mitt, sál mín gleðst, og líkami minn hvílist í friði, því að þú ofurselur Helju eigi líf mitt, leyfir eigi að þinn trúaði sjái gröfina. Kunnan gjörir þú mér veg lífsins, gleðignótt er fyrir augliti þínu, yndi í hægri hendi þinni að eilífu. “ (Sálms :16. 1 – 11)

Enn sé ég þessi tindrandi augu sem horfðu á mig svo full af kærleika Drottins. Þetta voru augu manns sem var sáttur við bæði Guð og menn og þær aðstæður sem hann bjó þá við. Sem vissulega voru hvorki þær bestu né heldur ákjósanlegustu. Heilsan farinn og maðurinn í hjólastól. En þrátt fyrir sínar erfiðu aðstæður heyrði ég hann samt aldrei kvarta. Sannarlega áttu Ragnar Konráðsson Drottinn staðfastan í sínu hjarta. Skömmu eftir lestur Sálmsins tók ég í tærða hönd vinar míns og yfírgaf bygginguna. Þetta var í síðasta skipti sem fundum okkar bar saman. Hálfum mánuði eftir að ég var kominn austur barst mér andlátsfregnin og vissi að Ragnar var kominn heim til fundar við Drottinn sinn og frelsara Jesú Krists. Eftir andlátsfregnina fékk ég fullvissu í mitt hjarta hví ég fór svo óvænt suður. Drottinn vildi einfaldlega leyfa mér að kveðja vin minn áður heldur en hann yfírgæfi sína jarðvist og hyrfi yfir móðuna miklu. Jesús Kristur veit svo miklu meira en ég. En Drottinn hefur allan heildarpakkann og úr þessum pakka gefur hann mér sína mola hér og þar sem allir gagnast mér í lífinu. Umfram allt þá er Jesús Kristur kærleikur sem vill sköpun sinni bara það besta. Að fá að kveðja vin sinn hinstu kveðju er gjöf frá Drottni.

Annað langar mig einnig til að koma að hér. Eftir að fréttin um andlát Ragnars hafði borist til mín fékk ég fullvissu um að við myndum hittast á nýjan leik. Ekki hér á jörðu heldur á himnum. Í ríki Guðs þar sem réttlætið á heimkynni sín og allir frelsaðir munu komast inn í. Við erum að flytja sannkallað fagnaðarerindi þegar við tölum um frelsisverk Jesú Krists sem hann vann sjálfviljugur á krossinum til fyrirgefningar syndum manna. Hvað er þetta annað en fögnuður þegar maður

hefur slíka fullvissu í sínu hjarta um endurfundi við vini sína sem eru dánir? Þetta er Drottinn að bjóða þér, lesandi minn, í dag.

“ Hjarta yðar skelfist ekki. Trúid á Guð og trúid á mig. Í húsi föður míns eru margar vistarverur. Væri ekki svo, hefði ég þá sagt yður, að ég færi burt að búa yður stað? Þegar ég er farinn burt og hef búid yður stað, kem ég aftur og tek yður til mín, svo að þér séuð einnig þar sem ég er. Veginn þangað, sem ég fer, þekkið þér. “ (Jók: 14. 1 – 4)

Önnur myndin sem ég dreg hér upp sýnir okkur enn og aftur hve kærleikur Drottins er mikill og yfir flæðandi þegar þjónar hans eru annars vegar. Drottinn getur raunverulega notað hvern sem er til að flytja þjónum sínum skilaboð. Líka fólk sem ekki á til lifandi trú á upprissinn Son Guðs í sínu hjarta.

Komið var helgi. Ég sat heima fyrir framan sjónvarpið (já, ég horfi á sjónvarp) eftir langa og erfiða vinnuviku og fylgdist með dagskránni sem í boði var um kvöldið og hugðist eiga góða kvöldstund. Ég var meira að segja búinn að kveikja á tveim kertum eins og ég gerði stundum þegar ég vildi ná fram sérstaklega rölegri stemmningu. Þá hringdi síminn. Maður úr Hafnarfirði var á línunni. Og fórum við að tala saman um allt á milli himins og jarðar. Á einhverju stigi málsins byrjaði viðmælandi minn að segja mér frá sameiginlegum vini, sem ég reyndar hafði engar fréttir haft af í langan tíma. Hann sagði að þessi vinur okkar hafi verið fluttur með sjúkraflugi á spítala erlendis þar sem átti að gera á honum hjartaaðgerð. Maðurinn hafði tíu tólf árum áður farið í slíka aðgerð en hrakað mikið hin síðari ár og var svo komið að lækarnir gátu raunverulega ekkert meira fyrir hann gert nema bjóða honum upp á aðra aðgerð. Æðarnar við hjartað voru meira og minna allar stíflaðar og fátt í boði fyrir blessaðan manninn. Vinurinn tók áskoruninni og ákvað að ganga undir hnífinn upp á von og óvon. Hann gerði sér fulla grein fyrir hver afdrifinn gætu orðið. En hún gat líka vel heppnast.

Þegar maðurinn hóf að segja mér frá atburðinum um sameiginlega vininn heyrði ég í raun í rödd Guðs og skynjaði að það var Hann sem raunverulega var að færa mér þessar fréttir. Þrátt fyrir það að lítil sem enginn samgangur hafi verið á milli mín og vinar okkar á síðari árum voru samt tengsl enn til staðar og við fylgdumst hvorir með öðrum úr svona fjarlægð. Vináttan var enn á sínum stað. Ég lagði við eyrun og hlustaði með athygli á mál mannsins. Og lauk svo samtali okkar. Frá þessari stundu fór ég í bænahernað fyrir manninum og bað um lækningu fyrir hans hönd, og manninn

sjálfan vitaskuld til frelsis. Ég hamraði á bæn minni við Guð í tíma og ótíma. Það get ég vel viðurkennt að gleði mín var mikil þegar ég að fjórum vikum liðnum fékk fregnir um að aðgerðin erlendis hefði heppnast vel og að þessum vini mínum liði þokkalega. Og um tíma litu mál út á þann veg að unnt væri að senda manninn heim að fáeinum dögum liðnum. En hann dó áður en til þess kom. Fréttin sem ég fékk af atburðinum var að hann hafi verið á gangi eftir einum af göngum spítalans og skyndilega hnigið örendur niður. En síðustu dagar hans voru án kvala, sem hefur verið mikil bót fyrir manninn sem var heltekin verkjum á áraraddir vegna hjartasjúkdómsins sem hann glímdi við árum saman.

Hvað er ég svo að segja með þessu? Það að með samtali mínu hafnfirðinginn byrjaði Drottinn að undirbúa mig undir það sem var framundan. Drottinn var vel kunnugt um að samgangur þarna var ekki mikill. Hann vissi líka að ef ég hefði fengið fregnina án þess að vita áður hvað var í gangi hefði hún verið eins og svipuhögg í andlitið. En í stað þess að fá fréttina eins og þrumu úr heiðskýru lofti gaf Jesús mér fjögurra vikna aðlögun. Vitaskuld vissi ég að aðgerðin gat farið í báðar áttir og maðurinn ekki lifað hana af. Þegar staðreyndin blasti við óumbreytanleg var áfallið lítið og ekki mikið meiri en lítils háttar söknuður vegna manns sem maður hafði umgengist í áraraddir en var ekki lengur hér. Að sökkva sér niður í einhverja sorg og sjálfsmeðaumkun er ekki vilji Drottins með hvorki mitt né þitt líf. Og hann gerir ráðstafanir og undirbýr fólk undir slæmar fréttir. Frásagan er vitnisburður um þetta.

“ Því segi ég yður: Verið ekki áhyggjufullir um líf yðar, hvað þér eigið að eta eða drekka, né heldur um líkama yðar, hverju þér eigið að klæðast. Er lífið ekki meira en fæðan og líkaminn meira en klæðin? Lítið til fugla himinsins. Hvorki sá þeir né uppskera né safna í hlöður og faðir yðar himneskur fæðir þá. Eruð þér ekki miklu fremri þeim? Og hver yðar getur með áhyggjum aukið einni spönn við aldur sinn? Og hví eruð þér áhyggjufullir um klæði? Hyggið að liljum vallarins, hversu þær vaxa. Hvorki vinna þær né spinna. En ég segi yður: Jafnvel Salómon í allri sinni dýrð var ekki svo búinn sem ein þeirra. “

(Matt: 6. 25 – 29)

Þarna birtist kærleikur Drottins í öllu hans veldi. Ég er verndaður á bak og brjóst gegn öllu illu. Dauðinn mætir öllu fólki í fyllingu tímans. Það sem Drottinn hins vegar gerir er að hann býr sitt fólk undir ástvinamissinn. Sorgin er eðlilegt fyrirbrigði

upp að ákveðnu marki. Ég er að fjalla um góðan Guð og sannkallað fagnaðarerindi sem vill manningnum allt hið besta og hefur burði til að láta fagra hluti ske í lífi manna.

Þriðju myndina tileinka ég móður minni og síðustu árin og mánuðina í lífi hennar. Hún dó á níraðisaldri árið 2000, södd lífdaga.

Nokkrum árum áður en hún lést fór að bera á Alshemers-einkennum hjá henni sem smám saman ágerðust og leiddu hana á elliheimilið Sólvang í Hafnarfirði. Er enda varhugavert að hafa einstakling haldin sjúkdómnum einan heima. Á ákveðnu stigi sjúkdómsins fer að bera á því að sjúklingurinn hættir að þekkja sína nánustu. Líka kallað elliglöp og tilheyrir bara mannkyninu. Sumir fá sjúkdóminn, aðrir sleppa, eins og gengur og gerist í lífinu.

Ég bað mikið fyrir móðir minni blessaðri og bað Drottinn minn um að vernda hana og frelsa í Jesú nafni. Einstaka sinnum fór ég í heimsókn til hennar á Sólvang og var undir hælinn lagt hvort hún þekkti mig eða ekki. En samt gerðist það að við sátum saman kannski í allt að klukkustund án þess að segja stakt orð. Var enda allt svoleiðis erfiðleikum bundið sökum heyrnaleysis gömlu konunnar. Gjarnan er við sátum hlið við hlið lagði mamma hönd sína á handlegg minn og þannig sátum við uns kom að skilnaðarstundinni.

Oft hugsaði maður með sjálfum sér og lagði spurningar fyrir Drottinn hvernig maður ætti að koma boðskapnum til fólks eins sem var ekki lengur í beinu sambandi við umhverfi sitt og komið út úr heiminum, eins og sagt er. Sjálfur sá maður enga leið til þess, í sjálfu sér. Svo gerðist það eitt sinn er ég heimsótti hana og við sátum í sitt hvoru sætinu og hún búinn að leggja hægri hönd sína á vinstri hönd mína að dálítið einkennilegt gerðist. Frá þessari aldurhignu hönd fór skyndilega að streyma hvílikur kærleikur frá Guði til mín að annan eins kærleika hafði ég ekki áður upplifað frá neinni annarri manneskju. Þetta minnti mig á læk sem sífellt rennur. Þetta streymi hélt áfram á meðan við sátum þarna saman, sem var um klukkutími.

Hvað var Guð að segja mér með þessu, lesandi minn? Í alla staði stórkostlegar fréttir. Þær að hann væri búinn að frelsa hana móður mína elskaða og hún þar af leiðandi á leið inn í ríki Drottins Jesú á himnum. Hún gat ekki lengur tjáð sig með orðum. En Drottinn kom samt skilboðunum til mín með þessum hætti að engin vafi var í mínu hjarta hvað fram hafði farið í hjarta móður minnar. Þetta er áskorun og hvatning til allra sem eiga aðstandendur með Alshemer-sjúkdóminn að Guð fyrir

bæinirnar manna kemst í gegn og nær hjarta manneskjunnar, þótt mönnum kunni að finnast allt vera lokað og læst. Drottinn Jesús kann leiðirnar að innstu veru mannsins.

“ Hlýð þú föður þínum, sem hefir getið þig, og fyrirlit ekki móður þína, þótt hún sé orðin gömul. Kaup þú sannleika, og sel hann ekki, visku, aga og hyggindi. Faðir réttláts manns fagnar, og sá sem gat vitran son, gleðst af honum. Gleðjist faðir þinn og móðir þín og fagni hún, sem fæddi þig. “ (Orðsk: 23. 22 – 25)

Annað fór ég líka að hugleiða eftir að mamma fór að detta út og leita á mið æsku sinnar. Líkt og gjarnan gerist hjá hinum öldruðu með Alshemers-einkenni. Ég minnst þess að ein systir mín sagði mér frá því, eftir að veikindi mömmu ágerðust, að hún spurði stundum hvar yngri systir sín eiginlega væri. Þá var gamla konan stödd í bernskunni og var raunverulega í þeim atburði þegar systurnar voru saman sem börn og móðir mín var að passa yngri systur sína og sú yngri sífellt að stinga hana af. Hvers konar minningar koma upp í hugum manna sem upplifa atburði liðins tíma og betur heldur en nútímann? Í hvernig umhverfi elst barnið þitt upp í dag? Það mun hugsanlega hverfa þangað aftur á efri árum. Og hvað rifjast þá upp? Mæða, böll, hryggð, söknuður, ofbeldi, drykkjuskapur foreldranna, misnotkun, kynferðisleg eða af öðrum toga, eða gleði í krafti Guðs Orðs sem sáð var í barnshjartað? Að hverju hafa þau að hverfa þegar aldurinn færast yfir og þau eru máski ekki lengur sjálfráða? Raunverlega engu öðru en því sem sáð var í hjarta viðkomandi þegar það var barn. Alshemer-sjúkdómurinn kennir mönnum að þeir hverfa aftur til æskunnar. Þetta vita menn. Sex mánuðum eftir atburðinn á Sólvangi kvaddi móðir mín þennan heim. Drottinn náðaði hana inn í sitt ríki á síðustu metrum lífsgöngu hennar. “ Dýrð sé þér Drottinn.”

Þetta er sá lærdómur sem ég dreg af samskiptum mínum við móðir mína síðustu æviár hennar, ef það mætti verða öðrum til umhugsunar. Og svo ég segi það enn og aftur: Við eigum góðan Guð sem hugsar fyrir öllu og hann mun frelsa ástvini þína sem þú heldur uppi í bæn.

“ Helgigönguljóð. Þegar Drottinn sneri við hag Síonar, þá var sem oss dreymdi. Þá fylltist munnur vor hlátri, og tungur vorar fögnuði. Þá sögðu menn meðal þjóðanna: Mikla hluti hefir Drottinn gjört við þá. Drottinn hefir gjört mikla hluti við oss, vér vorum glaðir. Snú við hag vorum, Drottinn, eins og þú gjörir

við lækina í Suðurlandinu. Þeir sem sá með tárur, munu uppskera með gleðisöng. Grátandi fara menn og bera sæðið til sáningar, með gleðisöng koma þeir aftur og bera kornbindin heim.“ (Sálms :126. 1 – 6)

10 kafli - 3 hlut

Í nóvember 1995 hætti ég starfi mínu hjá Síldarvinnslunni í Neskaupstað. Þannig háttaði þá til á Norðfirði að enga vinnu var að hafa. Þetta ástand hafði frekar slæm áhrif á mig og vissi ég ekki hvaðan á mig stóð veðrið. Þessu varð að breyta og breyta fljótt. Ég ætlaði mér ekki að veslast upp sem einhver “ herra atvinnulaus “ horfandi heima á gólf og vegg klukkutímum saman án nauðsýnlegra tekna til að lifa af. Sá tími í mínu var liðinn og engin áform um að endurvekja hann á ný. Það bara gat ekki verið vilji Guðs að ég legðist í eynd og volæði. Og ég á mig rögg og lagði málið fram fyrir Drottinn í bæn. Niðurstaðan varð sú og ég fór að mínu álit “ óvænt ” vestur á Flateyri til að starfa hjá fiskvinnslufyrirtækinu Kambi. Á Flateyri vann svo ég í fiski í níu mánuði. Ég kom til Flateyrar skömmu eftir að hið mikla og mannskæða snjóflóð féll á bæinn og varð um tuttugu manns að fjörtjóni. Rústir húsanna blöstu við þegar ekið var inn í þorpið og vöknudu margháttaðar hugsanir þegar maður síðar gekk um þetta rústasvæðið og sá eyðilegginguna í návígi:

“ Eins og var á dögum Nóa, svo mun og verða á dögum Mannssonarins: Menn átu og drukku, kvæntust og giftust allt til þess dags, er Nói gekk í örkina, og flóðið kom og tortímdi öllum. Eins var og á dögum Lots: Menn átu og drukku, keyptu og seldu, gróðursettu og byggðu. En daginn, sem Lot fór úr Sódómu, rigndi eldi og brennisteini af himni og tortímdi öllum. Eins mun verða á þeim degi, er Mannssonurinn opinberast. Sá sem þann dag er á þaki uppi og á muni sína í húsinu, fari ekki ofan að sækja þá. Og sá sem er á akri, skal ekki heldur hverfa aftur. Minnst konu Lots.“ (Lúk: 17. 26 – 32)

Í fyrstu bjó ég í verbúð og undi hag mínum illa þar. Síðar komst ég reyndar í betra húsnæði á öðrum stað í bænum. Og þar leið mér vel.

Eftir að ég hafði aðsetur skipti og fékk herbergi út af fyrir mig fór ég að velta því fyrir mér hvar ég kæmist í þvottavél til að þvo af mér vinnufötin.

Eitt sinn er ég var á gangi eftir aðalgötunni á Flateyri mætti mér kona á miðjum aldri. Þá sagði Drottin við mig: “ Biddu þessa konu sem þú varst að mæta um að þvo þvottinn þinn. Hún mun gera það með glöðu geði. “ Drottinn minn “ - sagði ég þá. “ Ég þekki manneskjuna ekkert og get ómögulega farið að biðja hana um þetta. “ Svárið sem ég fékk til baka var: “ Biddu hana samt. “ Og ég sá mér þann kost vænstan að hlýða og snéri við gekk konuna uppi og áður en ég kom að henni kallaði ég á eftir henni. “ Frú! “ - Hún snéri sér við. - “ Væruð þér til í að þvo af mér þvottinn gegn sanngjarnri upphæð? “ – Spurði ég hana með “ Herra efa “ á fullu innra með mér, pottþéttur á að hún myndi neita þessari beiðni minni. Hún hélt það nú. Það væri minnsta mál í heimi fyrir sig að hjálpa mér með þvottinn. Þau hjónin væru hvort eð er orðin tvo eftir í kotinu. Við svar konunnar lifnaði ég allur við inn í mér og sá að hönd Drottins var yfir kringumstæðunum. Og á hverjum sunnudegi eftir þetta labbaði ég heiman frá mér með fullan innkaupapoka af óhræinum fötum til hennar og snéri til baka með hreinan þvott frá vikunni á undan. Fyrir verkið greiddi ég 1200 krónur, mann ég. En það get ég vel viðurkennt nú, með dálitlum kinnroða þó, að aldrei vissi ég hvað þessi ágæta kona heitir. Ég gleymdi alltaf að spyrja hana um nafn. En hvað um það að þá blessar Drottin hvern þann sem leggur sínu fólki hjálparhönd. Sem og er huggun harmi gegn.

Það er svo sem ekki mikið meira að segja frá þessum tíma annað en að í hvert sinn sem ég kom í herbergið mitt gekk ég inn í frið og kærleika Jesú Krists. Eins og hann vildi láta mig vita hvar ég gæti fundið sig. Þó get ég greint frá einu atviki sem gerðist. Eitt af störfunum sem ég þurfti að sinna var löndun, ásamt bæði Íslendingum og mönnum frá Póllandi. Einn morguninn þegar ég ásamt félögum mínum var kominn niður í lest bátsins sem landa átti upp úr gerðist það að ein keðjan sem notuð var til að húkka á fiskikörin losnaði af einum hankanum á neðsta karinu og slóst með gríðarlegu afli og skall á lúgukarminn rétt fyrir ofan höfuð mitt. Og ég manna að ég sá það hatursfyllta andlit sem ég hef nokkru sinni séð og var það í keðjunum. Þetta ófríða andlit hvæsti á mig, krumpað í framan af hatri og illsku, og sagði: “ Burt héðan. “ Nokkrum mínútum síðar kom verkstjórinn í lúguna og bað mig um að koma upp og sinna öðru verki. Ég átti sem sagt ekki að vera þar sem ég var heldur annarstaðar hjá fyrirtækinu. Í keðjunum sá illan anda og ekkert annað. Illa andanum var kunnugt um að löndunin var ekki minn staður. Allavega ekki í þetta skipti og lét mig sko vita af því með þessum hætti að þar væri ég ekki velkominn.

Á meðan á dvöl minni fyrir vestan stóð hringdi ég annað slagið heim á Neskaupstað og talaði við atvinnurekendur. Húsið mitt stóð autt og var alltaf meiningin að koma þangað aftur. Auðvitað bað maður mikið inn í málið og fannst Drottinn vera seinn til að svars. En Jesú lætur engan taka sig í bólinu. Ég mann að það var í ágúst eða september 1996. Dagurinn var laugardagur. Um hádegisbilið hringdi síminn og eigandi netagerðar Friðriks Vilhjálmssonar í Neskaupatað var á línunni og tjáði mér að ég geti fengið vinnu hjá þeim, en yrði að hefja störf næsta mánudag. Það voru skilyrðin. Hvort ég gæti komið þá? Mér vitaskuld dauðbrá og fannst tíminn næsta stuttur sem mér var ætlaður til flutninganna. En ákvað að taka áskorunninni og sagðist mundi mæta.

Þá fóru líka hjólin að snúast afar hratt. Ég klæddi mig í skóna og flýtti mér niður á bryggju og hitti verkstjóran minn. Hann samþykkti uppsögn mína og eftir einhverja klukku tíma var litla búslóð mín kominn út úr litla herberginu og inn í flutningabíl og ég sjálfur morguninn eftir sestur upp í litla flugvél frá Íslandsflugi sem flaug með mig til Reykjavíkur. Á flugvellinum í Reykjavík hafði ég flugvélaskipti. Hálf tíma síðar hóf önnur vél frá sama flugfélagi sig á loft á Reykjavíkurflugvelli með bókað far til Neskaupstaðar. Íslandsflug var þá ekki enn hætt að fljúga áætlanarflug til Neskaupstaðar. Atburðarásinn var svo hröð að ég vissi vart af mér fyrir en heima í stofu á Blómsturvöllum 1 um miðjan dag á sunnudegi. Ég mann að ég fékk til mín Orð frá Drottni á meðan á öllum hamagnginum stóð fyrir vestan og ég kófsveittur við að bera húsöggn og aðrar eigur og koma fyrir í bílnum, ásamt að kveðja samstarfsmennina. Þetta gerðist nánast allt á sama tíma. Hvort sem þú, lesandi minn, trúir orðum mínum eða ekki. Orðin voru svohljóðandi: “ Sonur minn! Þú ásakaðir mig um hægagang og fannst hægt fara. Núna hef ég sýnt þér að ég get líka unnið hratt og gengið rösklega til verka. “ Orð að sönnu.

“ En þetta eitt má yður ekki gleymast, þér elskuðu, að einn dagur er hjá Drottni sem þúsund ár og þúsund ár sem einn dagur. Ekki er Drottinn seinn á sér með fyrirheitið, þótt sumir álíti það seinlæti, heldur er hann langlyndur við yður, þar eð hann vill ekki að neinir glatist, heldur að allir komist til iðrunar. En dagur Drottins mun koma sem þjófur, og þá munu himnarnir með miklum gný líða undir lok, frumefnin sundurleysast í brennandi hita og jörðin og þau verk, sem á henni eru, upp brenna. Þar eð allt þetta ferst þannig, hversu ber yður þá ekki að ganga fram í heilagri breytni og guðrækni. “ (2Pét :3. 8 – 11)

Vá, maður! Fáeinum klukkutímum fyrr var ég staddur á Flateyri og átti ekki von á öðru en að mæta til vinnu minnar á mánudeginum í frystihúsinu eftir frí helgarinnar. Á næstu andrá sat ég í stólnum mínum heima við fjórðinn sem hlær í logninu, Neskaupstað og hugðist vinna við nætur og önnur veiðarfæri sem sjómenn nota til að draga fisk úr sjó. Í netagerðinni hóf ég störf á þriðjudegi en notaði mánudaginn til að koma búslóðinni í hús og stilla öllu upp aftur. Þetta var mesta fleygiferð sem ég hef upplifað á ævinni. Ferðin var ekki bara langsum yfir landið, heldur bættist þversum líka við má segja að hún hafi farið í “L.”

Á milli fimmtán, tuttugu fastir starfsmenn störfuðu í þessari netagerð. Allt mætasta fólk. Starfið fólst í því að gera við nætur sem loðnu - og síldarbátarnir rifu á miðunum, ásamt að setja upp nýjar nætur og útbúa troll og snurvoðir, eða bara hvaðeina sem viðkom sjósókn. Ein nót er mikið verk og dæmi upp á tugir milljóna króna. Meðfram vinnunni hélt maður sínu striki og ræktaði samband sitt við sinn Guð líkt og áður og upplifði hluti með honum sem þú, sem lest þessar línur, veist nú um að hluta til. Málið er að láta um kraftaverkinn sem Jesús gerir í lífi fólks. Of margir eiga sér leyndarmál, en Guð vill engin leyndarmál heldur umbúðalausan sannleikann. Hann nýtur þess að sjá fólk bera kyndil góðra fréttu til annarra og vera óhrætt við að opinbera mönnum mátt og megin Jesú Krists.

Frá barnsaldri hef ég verið mikil tækjakall og haft gaman af að eiga góðar græjur og að hafa góðan hljómburð í kringum mig, þótt verulega hafi dregið úr þeirri áratú hin síðari ár. Þegar sjónvarpið fór að senda dagskránnu út í víðómi (Stereo) og hægt var að kaupa heimabíó og myndbandstæki sem gáfu flottan víðómshljóm lét maður til leiðast og fékk sér 28” sjónvarp af gerðinni Saba og Nicam myndbandstæki af tegundinni Samsung. Vilji maður nota kerfið til fulls þurfa að koma til fjórir, jafnvel fimm hátalarar sem þá raðast upp samkvæmt ákveðnu skipulagi. Tveir að framan, tveir að aftan og svo bassaboxið í miðjunni, og allar snúrurnar tengdar við magnara. Þá getur maður látið myndband í tækið og hafið sýningu með hljómburði sem líkist hljómburði kvikmyndahúsanna. Þessi tækni var mikið auglýst og kynnt sem heimabíó á sínum tíma.

En hví að vera með lýsingu á tækjaeign sinni í samantekt sem hingað til hefur fjallað um mig og Krist í sömu andrá og lífinu sem ég hef lifað með Drottni mínum? Ég læt þetta fylgja með vegna atburðar sem ég varð fyrir sem tengist beint ofanrituðu efni.

Þegar hér er komið sögunnar var ég búinn að starfa á netagerðinni í um eitt ár. Mikið var að gera á þessum tíma ársins og síldveiðarnar fyrir austan land stóðu sem hæst og sjómennirnir að sprengja nætur sínar og koma með þær á netaverkstæðið til viðgerðar í strimlum og gat sú vinna oft staðið fram á rauða nótt. Og eitt sinn sem oftar var nót í veðgerð hjá fyrirtækinu og klukkan farinn að halla í hálf tvö um nóttina. Úti var blanka logn og bærðist ekki hár á höfði, en frostið töluvert. Þannig háttaði til að nótin, sem rifnaði, lá í skipulegri hrúgu á bryggjunni með þeim afleiðingum að við netagerðamennirnir urðum að vera með nálar okkar og garn á bryggjunni við saumaskapinn. Við notuðum stundum sérsníðaða stóla sem kallaðir voru hestar á vinnustaðnum sem menn settust klófvega á og gátu þá rimpað nótina saman í sitjandi stellingu, og hvílt lúinn bein um leið.

Þar sem við vorum og unnum við rifna nótinni, háttaði þannig til um stund að ég varð einn eftir á bryggjunni. Félagar mínir þurftu að skreppa í hús og sækja netastykki sem fara átti í nótina. Því stórt netastykki vantaði í hana. Og þar sem ég sat einn, með ljósin í bænun fyrir framan og mig og spegilsléttan sjóinn undir mér og til hliðanna, ásamt háum fjallgarðinum að baki mér, fór ég skyndilega að heyra undurfögur hljóð koma upp á milli rimlanna á trébryggjunni og leika um mig allan. Lognið var algert og ekki nokkur maður sjáanlegur og truflunin enginn á þessu stórfenglega andartaki. Hljóðin komu frá öldunum sem gjálfrúðu við fætur bryggjunnar og bárust svo fagrar til eyrna minna að mér fannst þær vera allt í kringum mig, ofan og neðan. Þær bárust frá öllum hliðum samtímis, og veit ekki hvað. Ég heyrði og nam þar sem ég sat, sannkallaðan víðóm af bestu hugsanlegri tegund. Ég sat bara í einni allsherjar hljóða vímu og naut andartaksins. Og það sem betra var, sælan kostaði mig ekki krónu. Engar uppstillingar, engar úthugsaðar pælingar, aðeins andartakið sem maður naut ríkulega, vitandi sem er að það var sjálfur skaparinn sem að þarna var að gleðja sköpun sína, sem vann við viðgerð á rifinni nót ásamt fáeinum köllum öðrum, sem einskis urðu varir. Fyrir þeim var nóttin eins og hver önnur nótt sem þeir sinntu skyldustörfum sínum á. Á þessu andartaki komu til mín orð sem ég vissi að voru frá háseti Drottins. Þessi: “Ég get líka framleitt fögur hljóð.” Vitaskuld var Drottinn að koma inn í kaup mín á tækjunum sem gáfu mér víðóma hljómburð sem ég var orðin svolítið upptekinn af á þessu tímabili. En það sem ég upplifði þarna á bryggjunni tók öllum þekktum tækjum langt fram um gæði og fegurð

hljómsins. Þessi hljóð voru ekta en ekki smíð eða hugvit manna, framkölluð úr járnkössum sem búið var að fylla með kubbum og búnaði.

Enn og aftur kemur maður að þeim sanneika að Drottinn hefur allt fyrir sköpun sína til að gleðja hana. Sömuleiðis mætir hann þörfum okkar á allan hátt. Líka til skemmtunar. Hann hefur og alla burði til að gleðja manninn og framkalla bros við hvaða aðstæður sem er. Guð er afbrýðisamur Guð sem fyllist afprýði þegar hans elskuðu börn leita á náðir heimsins eftir afþreyingu þegar öll afþreying sem maðurinn þarfnast er hjá Guði. Afþreying sem fyllir manninn innan og smýgur inn í hverja frumu og taug í mannslíkamanum. Jafnvel á tréhesti á gamalli trébryggju í nístingskulda á austfjörðum, gerandi við rifna og illa lyktandi nótadruslu, njóta menn nægta Guðs. Allt sem þarf er náð og miskunn frelsarans og hjarta sem er beintengt honum. Og allt þetta er ókeypis, frítt. Eina sem til þarf eru uppréttar hendur og opið hjarta.

Eftir eins og hálfis árs starfstíma sagði ég stöðu minni upp á netagerðinni var aftur kominn upp í flugvél, en í þetta skipti með alla búslóðina inn í stórum flutningabíl, alfarinn frá Neskaupatað sem hafði hýst mig í um sjö ár ævi minnar. Næsti áfangstaður var fæðingabær minn Hafnarfjörður. Áður en ég yfírgaf gamla staðinn hafði ég fengið starf í fiskvinnslu í Hafnarfirði með aðsetur á Holtinu í bænum skammt frá stóru olíutönkunum sem allir hafnfirðingar vita hvar eru og má segja að sé eitt af táknum Hafnafjarðarbæjar.

“ Sólín kemur upp með steikjandi hita og brennir grasið, og blóm þess dettur af og fegurð þess verður að engu. Þannig mun og hinn auðugi maður visna upp á vegum sínum. Sæll er sá maður, sem stenst freistingu, því að þegar hann hefur reynst hæfur mun hann öðlast kórónu lífsins, sem Guð hefur heitið þeim er elska hann. Enginn má segja, er hann verður fyrir freistingu: Guð freistar mín. Guð getur eigi orðið fyrir freistingu af hinu illa, enda freistar hann sjálfur einskis manns. Það er eigin girnd, sem freistar sérhvers manns og dregur hann og tælir. “ 1. 11 – 14)

Hér læt ég þessari samantekt minni lokið. Í Hafnarfirði má segja að fjórði hluti trúargöngu minnar hafi hafist. Sé vilji Guð hins vegar sá að ég haldi áfram að segja

sögu mína með honum á sömu nótum og þessum skorast ég vitaskuld ekki undan því. En engin áform eru uppi um neitt slíkt.

“ Orð spekinganna eru eins og broddar og kjarnyrðin eins og fastreknir naglar þau eru gefin af einum hirði. Og enn fremur, sonur minn, þýðstu viðvaranir. Að taka saman margar bækur, á því er enginn endir, og mikil bókiðn þreytir líkamann. Vér skulum hlýða á niðurlagsorðið í því öllu: Óttastu Guð og haltu hans boðorð, því að það á hver maður að gjöra. Því að Guð mun leiða sérhvert verk fyrir dóm, sem haldinn verður yfir öllu því sem hulið er, hvort sem það er gott eða illt. “ (Préd: 12. 11 – 14)

Guð blessi þig og verndi í öllu góðu verki í Jesú nafni. Og mundu að saga þín með Kristi er ekkert minna merkileg heldur en mín er. Skoðuðu þína eigin sögu og leyfðu Drottni að blessa þig og hjálpa þér við að segja hana.

“ Drottinn! Gefðu mér opið hjarta og áframhaldandi trú. Amen. “

Drottinn er verður.

Virðingarfullst: Konráð Rúnar Friðfinnsson.

28 desember 2003.

Endurgert í október 2010.